



# HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY



## Ársskýrsla 2017

Ársskýrsla 2017

Útg. 9. maí 2018

Umsjón: Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu

Uppsetning og frágangur: Guðrún Björk Friðriksdóttir, verkefnastjóri

Háskólinn á Bifröst

---

## Efnisyfirlit

Starfsemi Háskólans á Bifröst árið 2017.....	1
Aðalfundur.....	3
Gæðaviðurkenning Gæðaráðs íslenskra háskóla á Háskólanum á Bifröst .....	3
Fulltrúaráð .....	3
Stjórn skólans .....	4
Stjórn Háskólans á Bifröst.....	4
Háskólaráð.....	5
Kennslu- og rannsóknaráð.....	6
Gæðastefna Háskólans á Bifröst.....	6
Gæðaráð íslenskra háskóla.....	7
Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs.....	7
Jafnréttisnefnd .....	7
Kennslusvið.....	9
Félagsvísinda- og lagadeild.....	10
Grunnnám .....	10
BS í viðskiptalögfræði .....	10
BA í miðlun og almannatengslum og BA í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði (HHS) .....	11
Nýsköpun í grunnnámi – nýjar námsbrautir .....	11
Meistaránám .....	11
MA / MCM í menningarstjórnun .....	11
ML / MBL í viðskiptalögfræði .....	12
Diplómanám á meistarastigi í viðskiptalögfræði .....	12
Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf .....	12
Viðskiptadeild .....	13
Innra mat viðskiptadeildar.....	13
Akademískir starfsmenn viðskiptadeildar sinntu fjölbreyttum verkefnum á árinu .....	14
Háskólagátt.....	15
Símenntun .....	16
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst .....	16
Rannsóknarsetur í menningarstjórnun .....	17
Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst .....	17
Þróunar- og alþjóðasvið .....	18
PRME – viðmið um sjálfbærni og ábyrgð stjórnenda í menntun .....	19
Náms- og starfsráðgjöf .....	19
Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa.....	19
Aðstoð og námskeið .....	19
Bóka- og skjalasafn .....	20
Starfsemin .....	20
Safnkostur .....	20
Prentað efni .....	20
Rafrænt efni .....	20
Útlán .....	21
Heimasíða bókasafnsins .....	21
Samfélagsmiðlar .....	21
Samstarf við bókasöfn á Íslandi og erlendis.....	21
Skjalastjórnun .....	21
Skjalakerfið OneCRM .....	21
Markaðs- og kynningarmál.....	22
Háskóladagurinn.....	22
Opinn dagur 29. apríl.....	22
Markaðsstarf .....	22
Tölvuþjónusta.....	23
Hugbúnaður.....	23

---

Prentþjónusta .....	23
Netumhverfi .....	23
<b>Kennslu- og nemendaskrárkerfi .....</b>	<b>24</b>
Bett 2017 .....	24
<b>Nemendafélag Háskólans á Bifröst.....</b>	<b>25</b>
<b>Hollvinasamtök Bifrastar .....</b>	<b>26</b>
<b>Fjármál og rekstur .....</b>	<b>27</b>
Ársreikningur 2017 .....	28
<b>Tölulegar upplýsingar 2017 .....</b>	<b>29</b>
Heildarfjöldi nemenda 2017, aldur, kyn, deildir .....	29
Fjöldi nemenda eftir deildum 2017 .....	29
Nemendur eftir deildum 2017 .....	29
Skipting milli stað- og fjarnema 2017 .....	30
Nemendur eftir námsstigum 2017 .....	30
Kynjaskipting allra nemenda 2017 .....	30
Nemendur í Háskólagátt 2017.....	31
Nemendur eftir fagsviðum 2017 – grunnnám og meistaranám .....	31
Nemendur í símenntun árið 2017 .....	31
Útskrifaðir nemendur með háskólagráðu 2017.....	32
Útskrifaðir nemendur úr Háskólagátt og símenntun 2017 .....	32
Nemendur eftir námsstigum í upphafi skólaárs 2017 (september) .....	32
Starfsfólk .....	33
Hlutfall kynja í stjórn skólans, fulltrúaráði og háskólaráði 2017 (aðalfulltr.) .....	33

## Starfsemi Háskólans á Bifröst árið 2017

Háskólinn á Bifröst varð 99 ára á árinu 2017 og aldarafmælið á árinu 2018 hefur verið mörgum í skólanum hugleikið og tilefni til að líta yfir farinn veg í sögu hans. Háskólinn á Bifröst er byggður á grunni Samvinnuskólans sem stofnaður var á árinu 1918 og er því jafn gamall fullveldi íslensku þjóðarinnar. Skólinn hefur þróast í takt við allar þær breytingar sem orðið hafa í íslensku samfélagi þennan tíma. Löngum var tveggja ára nám í Samvinnuskólanum að loknu almennu námi hagnýtt og drjúgt veganesti fyrir forystustörf í atvinnulífinu og samfélaginu. En menntun þjóðarinnar hefur uppfærst í tímans rás og breyting Samvinnuskólans í fjögurra ára framhaldsskóla, færsla hans á háskólastig með viðeigandi nafnbreytingum að Háskólanum á Bifröst sýnir að skólinn hefur jafnan leitast við að gegna því hlutverki sem honum var upphaflega falið, að mennta fólk til forystustarfa í atvinnulífi og samfélagi.



Á árinu 2017 fór fram mikil stefnumótunarvinna í skólanum með þátttöku aðstandenda skólans, fulltrúaráðs, stjórnar, starfsfólks og nemenda. Sérstakur fundur var haldinn 21. október þar sem fjallað var um lykilspurningar fyrir framtíð skólans á næstu árum. Stjórn skólans vann úr því efni sem fram kom á fundinum og tók ákvarðanir um framhaldið. Helstu ákvarðanirnar voru að skólinn skyldi

skilgreindur sem viðskiptaháskóli til að marka honum sérstöðu meðal íslenskra háskóla en nafni skólans haldið óbreyttu. Að skólinn skyldi leggja áherslu á að vera í fararbroddi í fjarnámi en þróa nýtt námslíkan fyrir þá nemendur sem vilja búa á Bifröst. Að taka frumkvæði í

### STEFNUPÝRAMÍÐINN



**Hlutverk:** Viðskiptaháskóli sem menntar fólk til forystu í atvinnulífinu og samfélaginu

**Tilgangur:** Að útskrifa skapandi og ábyrga einstaklinga með vilja og getu til að efla atvinnulífið og bæta samfélagið

**Gildi:** Frumkvæði samvinna og ábyrgð

**Sýn:** Háskólinn á Bifröst alþjóðlega viðurkenndur gæðaskóli

**Stefnuvit:** Gæði, vöxtur, hagkvæmni

**Helstu verkefni:** Viðfangsefni stefnumótunarfundar og úrvinnslu

samskiptum við Landbúnaðarháskóla Íslands og eftir atvikum aðrar háskólastofnanir á landsbyggðinni um sameiginleg hagsmunamál og tækifæri. Að skólinn verði áfram staðsettur á Bifröst og ekki verði haft frumkvæði að breytingu á því. Að stíga skref til frekari alþjóðavæðingar skólans með námslínunum á ensku, sumarskólanum og leitað eftir samstarfi við erlenda háskóla. Að samstarf við atvinnulífið og símenntunarstarf verði eflt.

Þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið rann út í árslok 2016 en honum var framlengt tímabundið um eitt ár þar sem ráðuneytinu gafst ekki tími til að ljúka við gerð nýs samnings til lengri tíma. Vegna ýmissa ástæðna s.s. tíðra ríkisstjórnarskipta gafst heldur ekki ráðrúm til að ganga frá nýjum samningi á árinu 2017. Aðrar sambærilegar skólastofnanir eru í svipaðri stöðu og Háskólinn á Bifröst. Ekki er búist við öðru en að ráðuneytið endurnýji þjónustusamninginn við skólann.

Rekstur Háskólans á Bifröst batnaði verulega á árinu 2017 miðað við fyrri ár. Niðurstaða rekstrarreiknings skólans er að hann hafi hagnast um 34 millj. kr. miðað við 49,5 millj. kr. tap á árinu 2016. Skólinn hafði verið rekinn með tapi á árunum 2014 – 2016 þannig að viðsnúningur í rekstrinum



var bæði nauðsynlegur og mikið ánægjuefni. Hluti af hagnaði skýrist af söluhagnaði eigna og lægri fjármagnskostnaði en rúmlega 55 millj. kr. bati á skólarekstrinum er þó meginskýringin. Meginástæður fyrir bættri afkomu eru tvær. Annars vegar hækkaði framlag ríkisins um 46,7 millj. kr. milli ára og hins vegar lækkaði launakostnaður um 47,7 millj. kr. Undanfarin ár hafa framlög ríkisins verið óeðlilega lág en með mikilli vinnu innan skólans og dyggum stuðningi þingmanna kjördæmisins auk breytts viðhorfs stjórnvalda til framlaga til háskólamenntunar hefur staðan breyst til batnaðar og horfur á að framlög ríkisins verði raunhæfari á næstu árum. Á árinu 2016 var gert mikið átak til að lækka launakostnað sem skilaði sér vel á árinu 2017. Fastráðnum akademískum starfsmönnum hefur fækkað án þess að til uppsagna hafi komið og nýtt launakerfi var innleitt sem leiddi til lækkunar á launakostnaði.

Á árinu 2017 tókst að ljúka sölu á eignum tveggja íbúðafélaga á Bifröst, Vikrafells ehf. og Selfells ehf. en þessi félag, sem áttu íbúðir í Hamragörðum og Sjónarhóli, hafa verið afar skuldsett og rekstur þeirra engan veginn staðið undir sér. Skólinn ásamt Íbúðalánasjóði hafa leitast við árum saman að finna lausnir á vanda félaganna en ekki tekist að ljúka málum fyrir en nú. Ennfremur seldi skólinn hlut sinn í Hamragörðum, fyrstu hæðina og allt hlutafé Hótel Bifrastar ehf. Kaupendur eignanna hafa því tekið við hótélrekstrinum sem skólinn hefur byggt upp frá árinu 2013. Áformað er að í framhaldi af þessum viðskiptum verði gengið í að endurskipuleggja fjárhag Kiðár ehf. sem er eigandi alls annars íbúðarhúsnæðis á Bifröst.

Skólstarfið í Háskólanum á Bifröst gekk vel á árinu 2017. Þann 1. ágúst voru félagsvísindadeild og lagadeild sameinaðar í eina deild, félagsvísinda- og lagadeild. Helstu nýjungar í skólstarfinu voru ný meistarlína í lögfræði, viðskiptalögfræði (MBL) í stað fyrra meistaranáms og nýjar námslínur í meistaranámi í viðskiptafræði; forysta og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun ásamt markaðsfræði. Um 85% nemenda eru nú í fjarnámi í háskólanámi í skólanum og allt meistaranám er sem fyrr alfarið í fjarnámi. Langleiðina í 70% nýnema í háskóladeildum á haustönn 2017 innrituðust í námslínur eða námsfyrirkomulag sem ekki var til staðar skólaárið 2013 – 2014, eða fyrir fjórum árum síðan. Aðsókn að skólanum haustið 2017 var frekar í lægri kantinum miðað við væntingar. Fleiri innrituðust í meistaranám en áður, svipaður fjöldi í grunnnám en minni aðsókn var í Háskólagátt.

Háskólinn á Bifröst var tvímælalaust að styrkjast á árinu 2017. Reksturinn er nú á traustari grunni, lausn fékkst á málum tveggja íbúðafélaga, nýjungar í námsframboðinu hafa skilað árangri og skólinn hefur skýra sýn á hvert stefna skal inn í nýja öld í sögu hans. Skólinn er lifandi samfélag starfsfólks og nemenda og býr að góðum stuðningi stjórnar, fulltrúaráðs, aðstandenda og samfélagsins í Borgarbyggð sem og í norðvesturkjördæmi og kjörinna fulltrúa þess. Árangur í skólstarfinu er öllum þeim að þakka sem að því koma. Stjórn og starfsfólk skólans eiga sérstaklega skildar miklar þakkir fyrir störf sín á árinu 2017.

*Vilhjálmur Egilsson, rektor*

## Aðalfundur

Aðalfundur Háskólans á Bifröst vegna ársins 2016 var haldinn 9. maí 2017 á Bifröst. Dr. Vilhjálmur Egilsson rektor flutti skýrslu stjórnar og rektors um starfsemi skólans árið 2016. Ársreikningur 2016 var lagður fram til kynningar og var hann samþykktur samhljóða. Farið var yfir rekstur dóttur- og hlutdeildarféлага Háskólans á Bifröst 2016. Rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir yfirstandandi ár var kynnt. Löggiltur endurskoðandi skólans KPMG var kjörinn. Kosið var í fulltrúaráð og stjórn skólans.

## Gæðaviðurkenning Gæðaráðs íslenskra háskóla á Háskólanum á Bifröst

Árið 2017 var fyrsta heila árið sem Háskólinn á Bifröst stóð jafnfætis öðrum íslenskum háskólum á þá kvarða sem Gæðaráð íslenskra háskóla leggur til grundvallar í úttektum sínum á gæðum háskólastarfs. Gæðaráðið ákvað á fundi sínum 2. febrúar 2016 að lýsa yfir trausti á starfsemi Háskólans á Bifröst á grundvelli þeirra mælikvarða sem ráðið



leggur til grundvallar í þessu sambandi, en þeir eru námsumhverfi nemenda og gæði prófgráða sem skólinn veitir. Lauk með þessari ákvörðun fyrstu gæðaúttekt Gæðaráðs íslenskra háskóla á Háskólanum á Bifröst. Næsta úttekt Gæðaráðsins á skólanum er fyrirhuguð haustið 2020.

Breytt reglugerð Háskólans á Bifröst tók gildi 1. ágúst 2016 og var árið 2017 fyrsta heila árið sem nýtt skipulag og reglur giltu um starfsemi skólans. Af hálfu skólans var fulltrúum Gæðaráðs íslenskra háskóla gerð ítarleg grein fyrir breytingum á akademísku skipulagi Háskólans á Bifröst með sérstakri eftirfylgniskýrslu sem kynnt var á fundi fulltrúa skólans og Gæðaráðs á reglubundnum fundi í maí 2017. Jafnframt var gerð grein fyrir ýmsum endurbótum á reglugerðum skólans sem lúta að kennslu, rannsóknum og öðrum þáttum í akademísku starfi skólans.

## Fulltrúaráð

Fulltrúaráðsfundir hafa æðsta vald í málefnum háskólans er varða rekstur og fjármál. Fulltrúaráð fundar a.m.k. einu sinni á ári og er sá fundur jafnframt aðalfundur Háskólans á Bifröst. Verkefni fundarins er að greina frá starfsemi háskólans og samþykkja ársreikning hans fyrir undanfarið rekstrarár.

Fulltrúaráð Háskólans á Bifröst er skipað 15 einstaklingum og fimm til vara.

Þeir sem tilnefna í fulltrúaráð Háskólans á Bifröst eru: Borgarbyggð, háskólaráð Háskólans á Bifröst, Hollvínasamtök Bifrastar, Samband íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtök atvinnulífsins. Hver þessara aðila tilnefnir þrjá fulltrúa og einn til vara.

Í fulltrúaráði á aðalfundi árið 2017 sátu eftirtaldir fulltrúar:

Frá Borgarbyggð:

Þórunn Unnur Birgisdóttir

Helgi Haukur Hauksson

Geirlaug Jóhannsdóttir

Varafulltrúi: Bjarki Þór Grönfeldt

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:  
Rúnar Ágúst Svavarsson  
Sigrún Jóhannesdóttir  
Anna Ólöf Kristjánsdóttir  
Varafultrúi: Hjörtur Ingi Hjartarson

Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:  
Sigrún Lilja Einarsdóttir  
Brynjar Þór Þorsteinsson  
Helga Kristín Auðunsdóttir  
Varafultrúi: Andri Már Ágústsson

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:  
Birna Bjarnadóttir  
Skúli Skúlason  
Ólafur Sigmarsson  
Varafultrúi: Hannes Karlsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:  
Áslaug Hulda Jónsdóttir  
Óttar Snædal  
María Guðmundsdóttir  
Varafultrúi: Kristín Þóra Harðardóttir

## Stjórn skólans

Stjórn Háskólans á Bifröst er skipuð fimm einstaklingum tilnefndum til tveggja ára í senn af eftirtöldum aðilum: Borgarbyggð, háskólaráði Háskólans á Bifröst, Hollvinasamtökum Bifrastar, Sambandi íslenskra samvinnufélaga svf. og Samtökum atvinnulífsins. Þrír aðalmenn í stjórn eru tilnefndir annað hvert ár, en tveir aðalmenn í stjórn hin árin. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti. Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna.

Stjórn skólans mótar stefnu hans og setur honum reglugerð. Stjórn skal halda bókhald og skila ársreikningi á aðalfundi, endurskoðuðum af löggiltum endurskoðanda. Stjórnin skal fylgjast með fjárhag Háskólans á Bifröst, einkum með því að tekjur standi undir kostnaði og skuldbindingum.

Stjórn og rektor Háskólans á Bifröst gera fulltrúaráði grein fyrir fjárhag og rekstri skólans á aðalfundi hvers árs.

## Stjórn Háskólans á Bifröst

Frá Borgarbyggð:  
Aðalfulltrúi: Inga Dóra Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri  
Varafultrúi: Sigurður Guðmundsson

Frá Hollvinasamtökum Bifrastar:  
Aðalfulltrúi: Leifur Runólfsson, lögmaður  
Varafultrúi: Halldór Þ. Þorsteinsson



Frá háskólaráði Háskólans á Bifröst:

Aðalfulltrúi: Bryndís Hlökkversdóttir, ríkissáttasemjari  
Varafultrúi: Vífill Karlsson

Frá Sambandi íslenskra samvinnufélaga:

Aðalfulltrúi: Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri  
Varafultrúi: Guðsteinn Einarsson

Frá Samtökum atvinnulífsins:

Aðalfulltrúi: Marteinn Jónsson, framkvæmdastjóri  
Varafultrúi: Bergþóra Halldórsdóttir

Formaður stjórnar er Leifur Runólfsson, lögmaður.

## Háskólaráð

Vegna breytinga á reglugerð skólans sem tók gildi 1. ágúst 2016 breyttist hlutverk háskólaráðs nokkuð frá því að fara með æðsta vald í innri málum háskólasamfélagsins til þess að vera ráðgefandi í málum þess.

Samsetning ráðsins breyttist hins vegar ekki, en þar sitja rektor, framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu, þrír fulltrúar kennara sem kennslu- og rannsóknarráð tilnefni, einn fulltrúi annarra starfsmanna



háskólans sem tilnefndur er á starfsmannafundi, þrír nemendur úr grunnnámi, einn fulltrúi nemenda Háskólagáttar og einn fulltrúi meistaranema. Fulltrúar nemenda eru kjörnir af nemendum.

Rektor er heimilt að bjóða fleiri aðilum seturétt í háskólaráði eftir því sem þurfa þykir. Þessir aðilar hafa málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt. Gæðastjóri, fjármálastjóri og fulltrúi íbúaráðs sitja að öllu jöfnu fundi háskólaráðs, auk þess sat staðgengill rektors fundi ráðsins 2016-2017.

Háskólaráð fundar að öllu jöfnu mánaðarlega yfir skólaárið. Fundargerðir ráðsins eru birtar á vef skólans.

Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2016 – 2017:

Vilhjálmur Egilsson, rektor  
Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu  
Finnbjörn Börkur Ólafsson, fulltrúi starfsmanna  
Unnar Steinn Bjarndal, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Auður H Ingólfssdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Einar Svansson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Hróðný Kristjánsdóttir, fulltrúi meistaranema  
Berglind Sunna Bragadóttir, fulltrúi grunnema  
Andri Már Ágústsson, fulltrúi grunnema  
Haraldur Línal Haraldsson, fulltrúi grunnema  
Svandís Elísa Margrét Leósdóttir, fulltrúi Háskólagáttarnema

Fulltrúar í háskólaráði skólaárið 2017 – 2018:

Vilhjálmur Egilsson, rektor  
Sigrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra kennslu og þjónustu  
Guðrún Björk Friðriksdóttir, fulltrúi starfsmanna  
Sigrún Lilja Einarsdóttir, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Unnar Steinn Bjarndal, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Einar Svansson, fulltrúi kennslu- og rannsóknarráðs  
Hróðný Kristjánsdóttir, fulltrúi meistaranema  
Teitur Erlingsson, fulltrúi grunnema  
Berglind Sunna Bragadóttir, fulltrúi grunnema  
Jóhannes Geir Guðnason, fulltrúi grunnema  
Bjarni Heiðar Halldórsson, fulltrúi Háskólagáttarnema

## Kennslu- og rannsóknaráð

Kennslu- og rannsóknaráð er samráðsvettvangur akademískra starfsmanna skólans og kýs jafnframt fulltrúa kennara í ráð og nefndir skólans eins og við á. Rektor boðar ráðið til a.m.k. tveggja funda árlega þar sem m.a. eru ræddar stefnumótandi ákvarðanir sem lúta að akademísku starfi skólans.

Ráðið fundaði tvisvar á árinu 2017. Á fundi í maí var m.a. rætt um fyrirhugaðan stefnumótunarfund 21. október og lykilspurningar um framtíð skólans sem taka skyldi fyrir á fundinum. Miklar umræður urðu um málið sem göggnuðust vel fyrir undirbúning stefnumótunarfundarins. Þá var fjallað um sameiningu deilda í nýja félagsvísinda- og lagadeild sem mæltist almennt vel fyrir.

Á fundi ráðsins í ágúst fóru fram kosningar í ráð og nefndir en auk þess var fjallað um innritanir á haustönn og fyrirhugað diplománám í opinberri stjórnsýslu.

## Gæðastefna Háskólans á Bifröst

Í gæðastefnu Háskólans á Bifröst er lögð áhersla á öflugt og umbótamiðað gæðastarf sem tekur til allrar starfsemi skólans. Gæðastarfinu er ætlað að hámarka gæði náms, kennslu og rannsókna við háskólann með það að markmiði að bjóða nemendum, kennurum og starfsfólki upp á lærdómssamfélag sem mætir íslenskum og alþjóðlegum gæðakröfum sem og að tryggja gæði prófgráða frá Háskólanum á Bifröst. Gæðakerfið á að taka mið af og leitast við að uppfylla kröfur sem gerðar eru til ytra og innra mats háskóla. Gæðastarfið skal vera opið, gegnsætt og einkennast af gagnrýnum og framsýnum viðhorfum. Gæðakerfið felur í sér viðleitni til úrbóta og skal stöðugt vera í endurskoðun og framþróun.

Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á að taka mið af og mæta í hvívetna innlendum og alþjóðlegum gæðakröfum sem gerðar eru til háskóla, þar á meðal þeim kröfum sem felast í þátttöku í evrópska háskólasvæðinu (e. European Higher Education Area). Gæðakerfi Háskólans á Bifröst tekur þannig mið af leiðbeiningum sem settar eru fram í ritinu *Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area*. Háskólinn á Bifröst styður eindregið rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi og störf Gæðaráðs íslenskra háskóla og leggur áherslu á að taka virkan þátt í samstarfi háskóla á sviði gæðamála, m.a. á vettvangi ráðgjafanefndar gæðaráðsins.

Gæðahandbók Háskólans á Bifröst er öllum aðgengileg á vefsíðu skólans. Hún felur í sér lýsingu á gæðakerfi skólans, afmörkun verkefna og ábyrgðar og verklagsreglur sem móta starf skólans um nám, kennslu, rannsóknir og aðra helstu þætti í starfsemi hans. Gæðahandbókin sætir reglubundinni endurskoðun í samræmi við það markmið skólans að gæðastarf á vettvangi hans sé stöðugt og umbótamiðað.

Margvíslegar endurbætur voru gerðar á árinu 2017 á ýmsum reglum skólans sem lúta að kennslu, rannsóknum og öðrum þáttum í akademísku starfi skólans.

### Gæðaráð íslenskra háskóla

Gæðaráð íslenskra háskóla var sett á laggirnar árið 2010. Gæðaráðið er skipað sex erlendum sérfræðingum sem gera úttektir á gæðum náms í íslenskum háskólum.

Gæðaráðið hefur sett fram rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi (e. Icelandic Quality Enhancement Framework) og birt í sérstakri handbók sem var endurnýjuð á árinu 2017. Kveður rammaáætlun á um að á fimm ára tímabili skuli fara fram kerfisbundið mat á gæðum háskólastarfs á Íslandi. Felst matið annars vegar í innra mati (sjálfsmati) háskólanna á faglegri starfsemi sinni og hins vegar í ytra mati Gæðaráðs á háskólunum.



Gæðaráðið hefur tilkynnt Háskólanum á Bifröst að næsta úttekt á skólanum fari fram haustið 2020. Hefur skólinn í samræmi við það ákveðið að sjálfsmatsskýrsla um starfsemi viðskiptadeildar verði kynnt fulltrúum Gæðaráðsins á reglulegum fundi vorið 2018 og að samsvarandi skýrsla um starfsemi félagsvísinda- og lagadeildar verði kynnt fulltrúum Gæðaráðsins á reglulegum fundi vorið 2019. Loks verði heildarskýrsla um gæðamál skólans kynnt fulltrúum Gæðaráðsins á reglulegum fundi vorið 2020 og liggja ásamt sjálfsmatsskýrslum akademískra deilda til grundvallar gæðaúttektinni sem fyrirhuguð er haustið 2020. Til undirbúnings þessu verkefni hefur mikið starf verið unnið á vettvangi viðskiptadeildar, m.a. með yfirferð á námsbrautum og úttekt sérhæfðra aðila á gæðum fyrirlestra. Kvaddur var til starfa við sjálfsmat viðskiptadeildar ytri ráðgjafi, dr. Astrid M. Richardsen, prófessor við norska viðskiptaháskólann, Norwegian Business School, með sérstöku erindisbréfi í samræmi við starfsreglur Gæðaráðs.

### Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs

Samhliða Gæðaráðinu starfar ráðgjafarnefnd sem er skipuð fulltrúum háskólanna, stúdenta, Rannís og mennta- og menningarmálaráðuneytis og er tengiliður á milli ráðsins og skólanna. Auk þess að vera Gæðaráði til ráðgjafar um framkvæmd rammaáætlunarinnar er ráðgjafarnefndin sem er samráðsvettvangur háskólanna og gengst fyrir málþingum og fræðslu um gæðamál. Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs starfar á grundvelli ákvæða í gæðahandbók Gæðaráðs íslenskra háskóla, sem var endurnýjuð á árinu 2017. Eru verkefni þess tilgreind í gæðahandbókinni og myndar ráðið eins og áður getur mikilvægan samráðsvettvangur íslenskra háskóla á sviði gæðamála. Signý Óskarsdóttir hefur tekið við störfum dr. Ólafs Ísleifssonar í ráðgjafarnefndinni sem fulltrúi Háskólans á Bifröst.

### Jafnréttisnefnd

Hlutverk jafnréttisnefndar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála innan Háskólans á Bifröst. Jafnréttisáætlun skólans er endurskoðuð af jafnréttisnefnd en framkvæmd og ábyrgð er í höndum rektors.

### *Jafnréttisnefnd skólaárið 2016-2017*

Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, formaður  
Páll Rafnar Þorsteinsson, fulltrúi starfsfólks  
Haraldur Líndal (f. áramót) – Berglind Sunna Bragadóttir (e. áramót), fulltrúi nemenda

### *Jafnréttisnefnd 2017-2018*

Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, formaður  
Sigrún Lilja Einarsdóttir, fulltrúi starfsfólks  
Kaðlín Kristmannsdóttir, fulltrúi nemenda

Skólaárið 2014-2015 var hafist handa við endurskoðun á jafnréttisáætlun Háskólans á Bifröst. Þeirri endurskoðun er ekki lokið.

Til stóð að Háskólinn á Bifröst tæki þátt í Jafnréttisdögum háskólanna sem haldnir voru 9. – 20. október. Með jafnréttisdögum er hugmyndin að nálgast hinar ýmsu víddir jafnréttis og skoða fjölbreytileika, forréttindi, þöggun, jafnréttisbaráttu, vald og mismunun. Áhersla er lögð á þau tækifæri sem skapast með því að setja hugmyndir um normið – hið „eðlilega“ – og hið undirskipaða undir smásjána. Dagskrá var nokkuð fjölbreytt en komst því miður ekki í framkvæmd innan skólans. Dagarnir voru opnaðir með ljósagangi í þeim fjórum háskólum sem tóku þátt.



Samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna var stofnaður í framhaldi af fræðslufundi menntamálaráðuneytisins í nóvember 2015. Samstarf jafnréttisfulltrúa háskólanna hefur gengið vel og er ljóst að mikil þörf er á slíkum vettvangi. Haldnir voru tveir fundir á árinu, einn í Reykjavík og annar á Akureyri á sama tíma og vorráðstefnan *Jafnrétti í skólastarfi* var haldin. Fulltrúar samráðsvettvangsins voru með málstofu á ráðstefnunni og kynntu samráðsvettvang háskólanna.

Starf samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa var kynnt fyrir samstarfsnefnd háskólastigsins sem er samráðsvettvangur rektora allra háskóla. Þar var m.a. lögð áhersla á mikilvægi jafnréttisnefnda og að hver skóli skilgreini um 20% starfshlutfall fyrir málaflökkinn. Árið 2016 voru verkefni og störf fulltrúa jafnréttisnefndar Háskólans á Bifröst endurskoðuð. Þar var m.a. tekið tillit til þeirra starfa sem falla innan jafnréttisnefndar. Háskólinn á Bifröst er því fyrstur háskóla utan HÍ til að skilgreina verkefni sem falla undir jafnréttisnefnd sem starfshlutfall.



## Kennslusvið

Verkefni kennslusviðs lúta að framkvæmd kennslu og þjónustu. Meðal verkefna sviðsins er umsjón með kennslukerfi og nemendaskrá skólans, útskriftum, móttöku umsókna, umsýslu vegna lokaritgerða, framkvæmd lokaprófa, náms- og starfsráðgjöf, umsjón með starfsnámi o.fl. Framkvæmd kennslumats, skipulagning kennslu og vinnuhelga er einnig meðal verkefna kennslusviðs. Loks setur kennslusvið upp



stundaskrár hverrar lotu og dagskrá skólaársins í samráði við deildarforseta og yfirstjórn skólans. Í ársskýrslunni má einnig sjá afrakstur af utanumhaldi um tölfræði skólans sem er hluti af verkefnum kennslusviðs.

Kennslusvið heldur námskeið fyrir nýja kennara fyrir upphaf hverrar annar og var unnið að því á árinu að bæta þá þjónustu. Prófhald og námsmat er nokkuð umfangsmikið vegna lotukennslunnar og fjölda fjarnema, en nemendur taka próf víðs vegar um land sem og erlendis. Heimapróf eru nú heimiluð í skólanum, en fjölbreytt námsmat er meðal þess sem lögð er áhersla í Háskólanum á Bifröst.

Nemendur eru hvattir til að taka þátt í kennslumati sem deildarforsetar fylgja eftir, þegar og ef þörf er á, en kennslusvið sér um framkvæmdina. Útkoman úr kennslumatinu eftir önnum á árinu 2017 var gott en það var eftirfarandi; vorönn 4,0, sumarönn 4,3 og haustönn 4,1 (meðaltal úr námskeiðs- og kennaraeinkunn). Hæsta gildið er 5, ef gildi eru fyrir neðan 3 er það í höndum deildarforseta að gera athugasemdir og leita úrbóta með kennara.

Vinnulagi varðandi birtingu kennsluáætlana var breytt á árinu og það er ekki lengur í verkahring kennslusviðs að yfirfara kennsluáætlanir frá kennurum. Það er áfram þannig að birta ber kennsluáætlanir námskeiða eigi síðar en 2 vikum fyrir upphaf kennslu í hverri lotu.

Eftir töluverða skoðun á nokkrum erlendum nemendaskrárkerfum var tekin ákvörðun á árinu um að fara í frekari viðræður um upptöku Uglu (safn hugbúnaðareininga í eigu Háskóla Íslands) sem nemendaskrárkerfi Háskólans á Bifröst. Það verkefni komst nokkuð áleiðis á árinu og er stefnt að upptöku á Uglu í skólanum á árinu 2019. Jafnframt þarf að skoða og velja nýtt kennslukerfi fyrir skólann.

Vegna sameiningar félagsvísindadeildar og lagadeildar í eina deild 1. ágúst var töluverð vinna á kennslusviði við samræmingu í kennslu- og nemendaskrárkerfi.

Móttaka nýnema á skólaárinu 2017 – 2018 var dagana 17. og 18. ágúst, en kennsla hófst 21. ágúst í grunn- og meistaranámi sem og í Háskólagátt.


Tölfræðihefti var gefið út 21. október 2017 vegna stefnumótunarfundar sem haldinn var á vegum stjórnar skólans. Tölfræðilegar upplýsingar eru mikilvægur grunnur til að styðjast við í stefnumótun og hafa til hliðsjónar þegar lagt er mat á hvert stefna skuli og því var talið brýnt að taka helstu tölulegar staðreyndir saman í sérstakt hefti. Þar koma t.d. fram tölur um nemendafjölda, starfsfólk, rannsóknir, fjármál og kennslumat fyrir tímabilið 2014 – 2017.

Á haustmánuðum fór starfsfólk af kennsluviði á fræðslufund um nýja persónuvernarlöggjöf. Löggjöfin mun hafa áhrif inn í starf kennsluviðs þegar ný persónuverndarlöggjöf kemur til framkvæmda 25. maí 2018.

Í lok ársins 2017 starfa átta manns á sviðinu, þ.e. sjö konur og einn karl, 5 eru í fullu starfi og 2 í hlutastarfi. Á bókasafninu er einn starfsmaður í hlutastarfi.

Í tengslum við stefnumótunarfundinn var einnig birt yfirlit yfir helstu breytingar í skólastarfinu undanfarin ár, sem sjá má hér á eftir.

## Nýjungar í starfi Háskólans á Bifröst 2014-2017



## Félagsvísinda- og lagadeild

Í ágúst 2017 voru félagsvísindadeild og lagadeild sameinaðar í eina deild; félagsvísinda- og lagadeild. Nokkuð hafði verið um deildarforsetaskipti undanfarin ár, en í upphafi árs 2017 voru forseti félagsvísindadeildar og lagadeildar í rannsóknarleyfi. Forseti sameinaðrar félagsvísinda- og lagadeildar er Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent og staðgengill hennar er Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor.

Í deildarráði á árinu 2017 sátu Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent og forseti félagsvísinda- og lagadeildar, Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor og Salvör Sigríður Jónsdóttir, nemandi í viðskiptalögfræði.

Skólaárið 2017 – 2018 hófst með móttöku nýnema í ágúst þar sem áherslur námsins, kennslufyrirkomulag og kennsluaðferðir voru kynntar. Á árinu 2017 voru í boði þrjár námsbrautir í grunnnámi.

### Grunnnám

#### BS í viðskiptalögfræði

Aðsókn í grunnám í viðskiptalögfræði var þokkaleg haustið 2017. Háskólinn á Bifröst var fyrstur háskóla á Íslandi að bjóða uppá annað nám á sviði lögfræði en í lagadeild HÍ. Þróun í kennslu í fjarnámi



Í viðskiptalögfræði hefur haldið áfram eftir að byrjað var að kenna viðskiptalögfræði í fjarnámi haustið 2015. Jafnframt hefur verið boðið uppá BS í viðskiptalögfræði með vinnu, sem hefur mælst ágætlega fyrir.

#### BA í miðlun og almannatengslum og BA í heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði (HHS)

Aðsókn í nám í miðlun og almannatengslum haustið 2017 var þokkaleg en nokkuð hefur dregið úr aðsókn í HHS. Jafnframt hélt aðsókn í staðnám áfram að minnka, í samræmi við þróun undanfarinna ára. Námslínurnar eru að hluta til samþættar og haustið 2017 hófst vinna við að skerpa á námsskipulagi í HHS og miðlun og almannatengslum, með það fyrir augum að einfalda skipulagið til muna og skerpa línurnar varðandi skyldunámskeið annars vegar og valnámskeið hins vegar.

Í endurskoðun á HHS voru skilgreind 30 ECTS skyldunámskeið í hverri grein fyrir sig (heimspeki, hagfræði, stjórn málafræði) í stað 36 ECTS samblands af 12-18 ECTS skyldunámskeiðum og 18-24 ECTS af bundnu vali. Þessi breyting skerpur enn frekar á samræmingu innan námsbrautar og einfaldar skipulag og námsferla til mikilla muna.



Á árinu 2017 voru tveir sérfræðingar ráðnir til að endurskoða námsbraut í miðlun og almannatengslum en það voru þau Dr. Guðbjörg Hildur Kolbeins og Ásgeir Friðgeirsson, almannatengill. Markmiðið var að skerpa enn frekar á sérstöðu námsbrautarinnar, einfalda skipulag hennar með því að minnka bundið val og auka frjálst val og bæta við námskeiðum í fjölmiðlun og almannatengslum til viðbótar við þau námskeið sem nú þegar eru í boði. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu ljúki á vormánuðum 2018.

#### Nýsköpun í grunnnámi – nýjar námsbrautir

Á næsta skólaári (2018 – 2019) verður farið af stað með nýtt diplómanám í opinberri stjórnsýslu, í samvinnu við Starfsmennt. Jafnframt verður nemendum í diplómanámi boðið uppá að ljúka BA-námi í opinberri stjórnsýslu.

Einnig er í vinnslu að bjóða uppá diplómanám í löggildingu fasteigna-, fyrirtækja og skipasala á árinu 2019.

#### Meistaránám

Fjórar námsbrautir eru nú kenndar á meistarastigi í félagsvísinda- og lagadeild:

##### MA / MCM í menningarstjórnun

Aðsókn að meistaránámi í menningarstjórnun hefur verið fremur stöðug undanfarin ár þó nokkuð hefur dregið úr aðsókn miðað við upphafsár námslínunnar. Haustið 2017 var boðið uppá tvær áherslulínur; annars vegar 90 ECTS MA-gráðu sem nemendur ljúka með því að skrifa 30 ECTS lokaritgerð og hins vegar 90 ECTS MCM-gráðu (Master of Cultural Management) með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarf þar sem nemendur vinna 12 ECTS hagnýtt lokaverkefni. Námslínan er í stöðugri endurskoðun og hefur áherslan verið m.a. á að skerpa enn frekar á hagnýtum þáttum námsins, með aukinni áherslu á nýsköpun og stjórnun. Nemendur sem lokið hafa meistaránámi í menningarstjórnun starfa víða innan menningargeirans á Íslandi í dag, og þá einkum við stjórnunarstörf.

## ML / MBL í viðskiptalögfræði

Ný námslína í meistaranámi í viðskiptalögfræði fór af stað í janúar 2017. Nemendur geta bæði tekið 120 ECTS ML-gráðu (sem lýkur með 30 ECTS ritgerð) eða 90 ECTS MBL-gráðu (Master of Business Law) án meistararitgerðar. MBL-námið er eina nám sinnar tegundar á Íslandi – það er stjórnendamiðað og meginmarkmið þess er að undirbúa nemendur fyrir stjórnendastörf í viðskiptalífnum og veita þeim jafnframt trausta, fræðilega þekkingu á sviði viðskiptalögfræði sem nýtist þeim í fjölbreytilegu starfsumhverfi. Unnt er að ljúka náminu á þremur öðrum árum án ritgerðar, eða fjórum öðrum með meistararitgerð. Hver nemandi getur tekið námið á þeim hraða sem viðkomandi hentar og námið er ekki síst hugsað fyrir þá sem vilja sækja sér framhaldsmenntun samhliða vinnu.

## Diplómanám á meistarastigi í viðskiptalögfræði

Boðið er uppá tvenns konar diplómagráður á meistarastigi í viðskiptalögfræði.

Diplómanám í samningatækni og sáttamiðlun er 30 ECTS nám sem miðar að því að kenna nemendum hagnýtar aðferðir í samningatækni og sáttamiðlun og veitir stjórnendum verkfæri til að takast á við erfið samskipti og við að leysa úr deilumálum.

Diplómanám í fyrirtækjalögfræði er sömuleiðis 30 ECTS viðbótarnám á meistarastigi sem miðar að því að þjálfva nemendur í hagnýtum og fræðilegum þáttum er lúta að lagalegum þáttum í viðskipta- og rekstrarumhverfi fyrirtækja.

## Rannsóknir og alþjóðlegt samstarf

Árið 2017 var ár rannsóknarvirkni á meðal akademískra starfsmanna í félagsvísinda- og lagadeild. Afraksturinn birtist m.a. í greinum og bókarköflum og þátttöku fjölmargra í ráðstefnum, bæði heima og erlendis. Nokkrir af okkar akademísku starfsmönnum voru áberandi í umfjöllunum bæði innlendra og erlendra fjölmiðla, einkum á sviði stjórnmálafræði og hagfræði. Af helstu afrekum á sviði rannsókna má nefna eftirfarandi:

Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor, er reglulegur álitsgjafi fjölmiðla í umfjöllunum um málefni líðandi stundar varðandi stjórnmál og efnahagsmál, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Á árinu 2017 kom út bók Eiríks *Nordic Nationalism and Right-Wing Populist Politics: Imperial Relationship and National Sentiments* hjá hinni virtu Palgrave Macmillan-útgáfu í London. Jafnframt er væntanleg ný bók eftir Eirík á árinu 2018 hjá sama útgáfuforlagi. Auk bókaskrifa tók Eiríkur þátt í ráðstefnum víða um heim á sínu sérsviði.

Dr. Francesco Macheda, lektor í stjórnmálhagfræði birti greinar á sínu sérsviði og tók þátt í nokkrum rannsóknarráðstefnum á árinu. Sama má segja um Dr. Njörð Sigurjónsson og Dr. Magnús Árna Skjöld Magnússon.

Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor, stundar doktorsnám í lögfræði við Fordham-háskóla í New York. Doktorsverkefni hennar fjallar um lagaumhverfi vogunarsjóða sem fjárfesta í skráðum félögum. Helga Kristín hefur jafnframt leitt samstarfsverkefnið LAW WITHOUT WALLS en Háskólinn á Bifröst tók þátt í verkefninu í þriðja sinn á árinu 2017. Á meðal þeirra háskóla sem taka þátt í samstarfinu eru margir af virtustu háskólum heims, svo sem Harvard, Stanford, New York University, Fordham University og University College London. Verkefnið er skipulagt af University of Miami og samstarf háskólanna miðar að því að veita laganemum breiðari sýn á lögfræði sem og tækifæri til að nýta menntun sína til úrlausnar á raunhæfum verkefnum. Vignir Sigurjónsson, nemandi í viðskiptalögfræði var fulltrúi Háskólans á Bifröst á árinu 2017 í þessu verkefni, ásamt Helgu Kristínu.

Dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir, dósent og forseti félagsvísinda- og lagadeildar, dvaldi í rannsóknarleyfi við Tónlistardeild Háskólans í Oxford til ágústloka á árinu 2017 en hún hlaut Marie Sklodowska-Curie

rannsóknarstöðustyrk frá Evrópusambandinu til þess að rannsaka menningarpólitísk álitamál innan Háskólans í Oxford. Af öðrum rannsóknarverkefnum má nefna bókaskrif í samvinnu við Dr Pedro dos Santos Boia við Polytechnic University of Porto sem fjallar um ímynd milliradda bæði í söng og hljóðfæraleik. Sigrún tók jafnframt þátt í nokkrum ráðstefnum þar sem hún kynnti rannsóknir sínar.

## Viðskiptadeild

Starfið í viðskiptadeild á árinu var fjölbreytt og unnið af sterkri liðsheild deildarinnar. Lokið var undirbúningi fyrir nýtt meistaranám í markaðsfræðum sem hófst haustið 2017. Nám í forystu og stjórnun var styrkt með nýrri áherslulínu í mannauðsstjórnun sem hefur reynst mjög vel sótt. Mikilvægt er að viðhafa eftirlit með og þróa stöðugt námsbrautir deildarinnar. Á árinu 2017 var hafin vinna við undirbúning að nýjum áherslulínum í grunn- og meistaranámi sem verða í boði haustið 2018.



## Innra mat viðskiptadeildar

Haustið 2017 hófst annar hringur í gæðamati íslenskra háskóla. Háskólinn á Bifröst er þátttakandi í gæðastarfi íslenskra háskóla sem felur í sér matsferil á fimm til sjö ára fresti. Gæðaráð íslenskra háskóla endurskoðaði ferlið að loknum fyrsta hring og sett nýtt ferli af stað á árinu 2017. Háskólinn á Bifröst lagði fram áætlun um sitt matsferli sem lýkur haustið 2020. Fyrsti áfangi fer fram veturinn 2017 - 2018 með innra mati eða svokölluðu sjálfsmati viðskiptadeildar (e. Subject-Level Review).

Vinna við innra matið felur í sér að gerð er grein fyrir framþróun gæðastarfs deildarinnar síðastliðin þrjú ár, auk þess sem ýmis verkefni eru unnin vegna innra matsins. Þar má nefna að akademískir starfsmenn og nemendur deildarinnar leggja mat á framgang starfsins innan deildarinnar, sem leiðir til þess að til verður aðgerðalisti fyrir helstu umbótaverkefni. Viðamikil spurningakönnun meðal nemenda, var gerð haustið 2017, varðandi gæði náms og þjónustu skólans. Könnunin er í aðalatriðum endurtekning á sambærilegri könnun sem gerð var haustið 2012. Niðurstöður gefa því kost á samanburði og nýtast í öllu gæðastarfi skólans. Loks má nefna söfnun tölfræðigagna um starfsemi deildarinnar sem er tekin saman vegna innra matsins.

Dr. Ingólfur Arnarson dósent tók að sér að verkstýra innra mati deildarinnar og að rita skýrslu. Haustið 2017 var skipuð samráðsnefnd nemenda og starfsmanna deildarinnar vegna þessa starfs. Einnig var professor Astrid Richardsen frá Viðskiptaháskólanum í Osló fengin til að vera ytri ráðgjafi við framkvæmd innra matsins. Hún heimsótti Háskólann á Bifröst í byrjun desember til skrafs og ráðagerða og fundaði bæði með nemendum og starfsmönnum deildarinnar. Innra mat viðskiptadeildar er unnið áfram á árinu 2018 og lýkur með fundi með fulltrúum Gæðaráðs háskólanna sem áætlaður er í september.

## Akademískir starfsmenn viðskiptadeildar sinntu fjölbreyttum verkefnum á árinu

Árið 2015 var Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Bifröst úthlutað fjármagni frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem eyrnamerkt var rannsóknum í ferðaþjónustu. Markmið verkefnisins Markhópagreining – gerð markhópalíkans er að auka verðmæti þeirra ferðamanna sem hingað sækja. Einar Svansson lektor, var verkefnastjóri verkefnisins, en frá Bifröst unnu að auki að verkefninu þeir Brynjar Þór Þorsteinsson aðjúnkt og Kári Joensen lektor. Þessu verkefni lauk á árinu 2017 með tölfraeðigreiningu og notendaprófunum vegna lokaskýrslu sem unnin var af Íslandsstofu. Kári Joensen vann úr tölfraeðigögnum til að greina ákjósanlega markhópa. Brynjar Þór Þorsteinsson og Einar Svansson framkvæmdu notendaprófanir á markhópalíkani meðal fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila í íslenski ferðaþjónustu. Lokaskýrslan ber heitið: Markhópar fyrir íslenska ferðaþjónustu og er að finna á heimasíðu Íslandsstofu.

Vinna við undirbúning og þróun á norræna forystulíkaninu (e. Nordic Leadership Model) hélt áfram undir stjórn Einars Svanssonar lektors. Verkefnið hefur þegar skilað sér í nokkrum meistararitgerðum. Fyrstu framhaldsrannsóknir á sviðinu voru birtar á árinu 2017 undir heitinu Viðhorf íslenskra og danskra stjórnenda til starfsumhverfis í ljósi norrænna gilda. Rannsóknin fól í sér viðhorfskönnun sem var lögð fyrir um 1.800 stjórnendur í opinberri stjórnsýslu á Íslandi. Rannsóknin byggir á meistararitgerð Bergþóru Hlínar Arnórsdóttur og var kynnt í fræðigreini sem birtist í júní hefti tímaritsins Stjórnmal og stjórnsýsla. Meðhöfundar voru Einar Svansson lektor sem var leiðbeinandi Bergþóru og Kári Joensen lektor. Áfram verður unnið að rannsóknum á þáttum tengdum norræna leiðtögalíkaninu, helstu einkennum og árangursmælingum.



Árið 2017 gaf hið alþjóðlega bókaforlag Nova Science Publishers Inc. út bókina *Marine Spatial Planning – Methodologies, Environmental Issues and Current Trends*. Ritstjórar bókarinnar voru Dimitra Kitsiou og Michael Karydis en ýmsir fræðimenn eru höfundar að einstökum bókarköflum. Einar Svansson lektor og Stefán Kalmansson aðjúnkt ásamt þeim Vífli Karlssyni, Ögmundi Knútssyni og Hjálta Jóhannessyni frá Háskólanum á Akureyri eru höfundar kafla bókarinnar sem heitir: *Natural Resource Planning: A Case Study of the Cod in the Icelandic Fisheries Management System*. Gerð er grein fyrir framþróun íslenska fiskveiðistjórnunarkerfisins með hliðsjón af hinum þremur þáttum sjálfbærni.

Jón Snorri Snorrason lektor og Einar Guðbjartsson, dósent við Háskóla Íslands hafa unnið að yfirgripsmikilli samburðarrannsókn með könnun um störf og stjórnarhætti endurskoðunarnefnda. Á árinu 2017 héldu þeir áfram þeim rannsóknum. Niðurstöðurnar voru kynntar á þremur ráðstefnum á árinu; á ráðstefnu Félags löggiltra endurskoðenda, á ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði á Höfn og í Þjóðarspeglinum við Háskóla Íslands. Þeir áttu auk þess grein um þetta efni í tímaritinu Viðskipti og efnahagsmál: “Umhverfi og starfsemi endurskoðunarnefnda – bakgrunnur nefndarmanna og traust á fjárhagsupplýsingum”.

Dr. Ingólfur Arnarson dósent hefur á síðustu árum byggt upp verkefnið Rekstraráætlanir þar sem nemendur takast á við raunhæf viðfangsefni úr atvinnulífinu. Verkefnið var þróað áfram á árinu. Starfsmenn skólans, þeir Einar Svansson, Jón Freyr Jóhannsson og Dr. Gunnar Óskarsson frá Háskóla Íslands héldu fimm fræðileg erindi á kennslu og menntaráðstefnum á Akureyri, Barcelona og í New




York um rannsóknir á kennsluaðferðum, jafningjamati og Belbin prófunum fyrir samval í hópvinnu. Þessari vinnu verður haldið áfram á árinu 2018 í samvinnu við Háskóla Íslands, en gögn frá báðum skólunum hafa verið nýtt í þessum rannsóknum. Vinna hófst við verkefnið „Design thinking“ sem er styrkt af Erasmus áætluninni. Unnið er í samstarfi við háskóla í Þýskalandi, Póllandi, Hollandi, Portúgal, Ítalíu, Bretlandi og Slóvakíu. Unnið er að beitingu aðferða kenndum við „Design thinking“ á viðfangsefni skóla í víðum skilningi, með samstarfi nemenda, kennara, fræðimanna og stjórnenda ásamt aðilum utan skóla þegar það á við. Verkefnið er til 3ja ára og er leitt af Jóni Frey Jóhannssyni og Kára Joensen af hálfu Háskólans á Bifröst.

Í deildarráði viðskiptadeildar frá 1. ágúst 2017 voru Stefán Kalmansson aðjúntkt, Jón Snorri Snorrason lektor og Jóna Guðrún Kristinsdóttir meistaranemi. Varamaður nemenda er Ingi Gunnar Kristbergsson.

Forseti viðskiptadeildar er Sigurður Ragnarsson. Sigurður fór í eins árs rannsóknarleyfi haustið 2017 og er Stefán Kalmansson staðgengill hans á meðan.

## Háskólagátt

Í byrjun árs 2017 var nám fyrir verslun og þjónustu, sem áður heyrði undir Símenntun, endurskoðað og fært undir Háskólagátt. Áður hafði námskrá Háskólagáttar verið tekin til gagn Gerrar endurskoðunar. Sú vinna hófst haustið 2014 og lauk vorið 2015. Kennt var í fyrsta skipti samkvæmt nýrri og endurskoðaðri námskrá skólaárið 2015-2016. Námskeiðin eru í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 og lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og útskrifast nemendur nú með þekkingu, leikni og hæfni sem samræmist þriðja hæfniprepi samkvæmt ISQF (e. Icelandic Quality Framework). Nám í Háskólagátt er samkvæmt reglugerð nr. 1266/2013 um aðfaranám að háskólanámi og lögum um háskóla nr. 63/2006.



Til að eiga kost á að hefja nám í Háskólagátt þurfa nemendur að hafa lokið 140 f-einingum samkvæmt nógildandi einingakerfi, sem jafngildir um það bil 85 einingum samkvæmt gamla einingakerfinu. Innan þessara 140 eininga verða umsækjendur að hafa lokið að minnsta kosti einum áfanga í íslensku, stærðfræði og ensku. Ef umsækjandi uppfyllir ekki inntökuskilyrði en býr yfir töluverðri starfsreynslu gefst honum kostur á að leggja fram niðurstöður raunfærnimats sem metur jafngilda reynslu og menntun. Starfsreynsla er þó aldrei metin til fulls á við einingar. Nám í Háskólagátt er nú 62 f-einingar (framhaldsskóla einingar) en nemendum stendur einnig til boða að bæta við sig 15 f-einingum í kjarnagreinunum, þ.e. íslensku, ensku og stærðfræði og útskrifast þá með allt að 77 f-einingum. Viðbótarnámið er hugsað fyrir nemendum sem vilja undirbúa sig sérstaklega fyrir háskólanám og þá sem þurfa að bæta við sig námsgreinum til að uppfylla sértæk inntökuskilyrði annarra háskóla. Nám í verslun og þjónustu er 40 f-eininga fagnám kennt á tveimur öðrum. Nemendur geta bætt við sig allt að 62 f-einingum í Háskólagátt og uppfylla þá inntökuskilyrði í allar deildir háskólans.

Haustið 2015 hófust viðræður rektora HB og HÍ til að eyða óvissu um stöðu útskrifaðra nemenda úr Háskólagátt varðandi aðgang að námi í HÍ. Í bréfi frá rektor HÍ er afstaða HÍ til náms í Háskólagáttinni skýrð með formlegum hætti. Almennt gildir að hver deild innan HÍ hefur ákveðin viðmið um mat á námi umsækjanda án stúdentsprófs sem teknir eru inn á undanþágum. Sérstaklega er horft til þess hvort umsækjandi hafi lokið grunnnámskeiðum framhaldsskóla og hvort sama námskeið hafi verið tvítalið

inn í einingafjölda. Með því að taka valáfanga á sumarönn í Háskólagátt opnast leiðir inn í félags- og mannvísindadeild, stjórn málafræðideild og sálfræðideild. Deildir Háskóla Íslands geta breytt undanþáguskilyrðum frá ári til árs og kemur þá slíkt fram á heimasíðum þeirra. Margar deildir Háskóla Íslands veita engar undanþágur frá stúdentsprófi.

Nám í Háskólagátt tekur tvær til fjórar annir og er lánshæft til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Nemendum gefst kostur á viðbótarnámi á sumarönn en nám á sumarönn er ekki lánshæft hjá LÍN.

## Símenntun

Fjölbreytt námskeið voru haldin á vegum Símenntunar Háskólans á Bifröst árið 2017. Sérniðin námskeið í leiðtogafræðum hafa verið sérstaklega vinsæl meðal félagasamtaka og fyrirtækja. Haldin voru tvö slík námskeið á Bifröst auk fjölda annarra fyrir fyrirtæki víðsvegar um landið.

Tvö námskeið fyrir starfsþjálfara í ferðapjónustu voru haldin á vorönn. Tvö námskeið voru fyrirhuguð á haustönn en voru felld niður vegna ónógrar þátttöku. Námskeiðið er afrakstur úr evrópska samstarfsverkefninu TTRAIN. Hugmyndafræði starfsþjálfana námsins er að nálgast verkefnið á skapandi hátt og nýta aðferðir fullorðinsfræðslu til að miðla þekkingu og um leið að efla starfsþjálfann sem og annað starfsfólk á vinnustaðnum. Að námi loknu eru starfsþjálfar sérhæfðir starfsmenn í ferðapjónustu sem geta tekið að sér þjálfun starfsmanna.



## Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst sinnir rannsóknar- og þróunarverkefnum fyrir atvinnulíf og samfélag, auk þess að vera akademískum starfsmönnum skólans ráðgefandi við umsóknir um rannsóknarstyrki og rannsóknarsamstarf. Rannsóknamiðstöðin sinnir einnig verkefnum fyrir innra starf skólans, t.d. fyrir framkvæmdastjórn og fyrir hollvinasamtök Bifrastar. Forstöðumaður rannsóknamiðstöðvar er Kári Joensen. Á vettvangi rannsóknamiðstöðvar tekur Háskólinn á Bifröst einnig þátt í starfi Félags íslenskra rannsóknastjóra ásamt fulltrúum héraðs háskóla og rannsóknastofnana.

Háskólinn á Bifröst tók þátt í umsóknum um styrki frá Erasmus+ og uppskar þrjú ný samstarfsverkefni sem öll hófust síðasta haust. Verkefnið *Advancing Migrant Women* hlaut um €250.000 í styrk og er leitt af Háskólanum á Bifröst í samstarfi við aðila frá Englandi, Grikklandi, Ítalíu og Íslandi. Það miðar að því að efla konur á vinnumarkaði, og þá sér í lagi þær sem flust hafa frá heimalandi sínu og teljast til innflytjenda, með þeim áskorunum sem það getur falið í sér. Verkefnið *Interface*, sem einnig hlaut um €250.000 styrk er leitt af Byggingastofnun og hefur það að markmiði að virkja frumkvöðlamátt og nýsköpun meðal fólks í dreifðari byggðalögum sem átt hafa undir högg að sækja vegna t.d. fólksfækkunar og fábreytni atvinnuvega. Unnið er að gerð námsskrár og kennsluefnis, sem svo verður notað við þjálfun samfélagsráðgjafa og byggir að hluta til á aðferðum markþjálfunar. Samstarfsaðilar koma auk Íslands, frá Grikklandi, Írlandi og Ítalíu. Þriðja verkefnið, *Design Thinking in Universities* hlaut rúmlega €400.000 í styrk og er samstarfsverkefni átta evrópskra háskóla, leitt af Háskóla Maria Curie-



Skłodowska (UMCS) frá Lublin í Póllandi. Verkefnið miðar að þróun háskólakennslu, þar sem aðferðum hönnunar er beitt á nýstárlegan hátt við mótun þverfaglegra verkefna.

Í október 2017 var niðurstaða markhópagreiningar fyrir íslenska ferðaþjónustu kynnt en verkefnið hafði staðið yfir frá árinu 2016 í samstarfi Íslandsstofu, Háskólans á Akureyri og Háskólana á Bifröst. Yfir 200 manns sóttu opinn fund Íslandsstofu sem fram fór í Reykjavík og kynnti nýjar áherslur í markaðssetningu fyrir íslenska ferðaþjónustu. Markhópagreining af þessum toga hefur ekki verið unnin áður á Íslandi, en sjónum var beint að lykilmörkuðum íslenskrar ferðaþjónustu. Afurðir verkefnisins eru aðgengilegar á vefnum og gefa ferðaþjónustuaðilum færi á að sækja á erlenda markaði með hnitmiðaðri hætti með áherslum á aukna arðsemi og sjálfbærni atvinnugreinarinnar.

Vinna við gæðamál og innra mat fagsviða skólans hélt áfram á árinu. Rannsóknamiðstöð vann að söfnun og greiningu gagna um gæði náms og kennslu við skólann, og framkvæmdi jafnframt kannanir meðal útskrifaðra nemenda. Slíkar kannanir gefa innsýn í þróun og gang skólastarfsins og eru mikilvægur liður í gæðastarfi skólans.

Samstarfsnet Háskólans á Bifröst heldur áfram að þróast og ný tengsl vegna rannsókna myndast við háskóla í Evrópu. Þátttaka í verkefnum á vegum Uppbyggingarsjóðs EFTA heldur áfram, en ný styrkátlan til ársins 2021 fer af stað um þessar mundir. Áfram hefur verið sótt um ný samstarfsverkefni á háskólastigi og á sviði starfsmenntunar frá Erasmus+, Horizon 2020 og fleiri samkeppnissjóðum.

### Rannsóknarsetur í menningarstjórnun

Við Rannsóknasetur í menningarstjórnun er unnið að rannsóknum af ýmsum toga á sviði menningarstjórnunar, menningarhagfræði, félagsfræði menningar og menningarfræða. Setrið var sett á fót árið 2007 af Háskólanum á Bifröst, Íslensku óperunni og Félagi íslenskra hljómlistarmanna, og tilgangur þess var að stuðla að margvíslegum rannsóknum á sviði menningarmála og á hlutverki menningar í samfélaginu. Fyrir fáeinum árum setti setrið upp vefsvæði þar sem birtar eru vísindagreinar, upplýsingar um lesefni tengt fræðasviði setursins, áhugaverðir tenglar um menningarmál og listi yfir lokaritgerðir í meistaranámi í menningarstjórnun. Umsjónarmenn setursins eru dr. Njörður Sigurjónsson dósent og dr. Sigrún Lilja Einarsdóttir dósent og stunda þau bæði rannsóknir tengdar setrinu. Á árinu 2017 var auk rannsókna, unnið að þróun samstarfs við erlendar stofnanir á sviði menningarstjórnunar og dvaldi Njörður Sigurjónsson meðal annars hluta ársins við Colorado State háskólann í Bandaríkjunum við rannsóknir og kennslu. Sigrún Lilja Einarsdóttir starfaði við Tónlistardeild Háskólans í Oxford á Marie Skłodowska-Curie rannsóknastöðustyrk skólaárið 2016 - 2017. Við Háskólann á Bifröst er boðið upp á nám til MA gráðu í menningarstjórnun og tengjast rannsóknir setursins oft með beinum hætti við nám nemenda.

### Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst

Evrópufræðasetur Háskólans á Bifröst var sett á fót 1. ágúst 2005 í samstarfi við heildarsamtök í íslensku atvinnulífi; Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins. Markmið setursins er að vera vettvangur fyrir kennslu, rannsóknir og alhliða faglega umræðu fræðimanna og fagaðila á Íslandi um Evrópumál með sérstaka áherslu á málefni sem snerta atvinnulífið. Forstöðumaður Evrópufræðaseturs er Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor við Háskólann á Bifröst en hann hefur gegnt stöðu forstöðumanns allt frá stofnun setursins árið 2005. Auk þess að sinna rannsóknum á íslensku og evrópsku stjórn málaumhverfi hefur forstöðumaður tekið virkan þátt í umræðu um málefni líðandi stundar í innlendum og erlendum fjölmiðlum.

Árið einkenndist af þátttöku í tveimur viðamiklum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum, annars vegar á sviði popúlisma og þjóðernishyggju í stjórnmálum í Evrópu og hins vegar á sviði samsæriskenninga.

Evrópufræðasetrið er þátttakandi í sitt hvoru Cost-verkefninu á vegum Evrópusambandsins um þessi efni auk margvíslegs annars rannsóknasamstarfs á fræðasviði setursins. Forstöðumaður sendi frá sér bókina *Nordic Nationalism and Right-Wing Populist Politics* sem Palgrave Macmillan gefur út á árinu. Auk hennar sendi forstöðumaður frá sér tvær ritrýndar greinar og hélt átján fræðileg erindi á árinu, þar á meðal lykilerindi á stórum alþjóðlegum ráðstefnum. Að öðru leyti fór árið að mestu í ritun bókarinnar *Conspiracy & Populism: The Politics of Misinformation* sem kemur út hjá Palgrave Macmillan haustið 2018. Forstöðumaður veitti á árinu 159 viðtöl í innlendum og erlendum fjölmiðlum. Upplýsingar um fleiri útgáfur og aðra starfsemi má nálgast á [eirikurbergmann.com](http://eirikurbergmann.com).

## Þróunar- og alþjóðasvið

Starfsemi þróunar- og alþjóðasviðs hefur aukist töluvert frá því sem verið hefur undanfarin ár.

Alþjóðlegi sumarskólinn var haldinn í annað sinn og bárust ríflega 100 umsóknir. 26 nemendur frá 15 löndum greiddu þátttökugjaldið og tóku þátt í vel heppnuðum sumarskóla sem er að festa sig enn frekar í sessi. Sumarskólinn, sem haldinn var í júlí á Bifröst, fékk háa einkunn frá þátttakendum í ánægju- og kennslukönnun.



Alþjóðafulltrúi sótti ráðstefnu EAIE (e. European Association for International Education) í Sevilla í september. Þessi ráðstefna er helsti vettvangur skólans til að byggja upp alþjóðleg tengsl, hitta fulltrúa annarra skóla og auglýsa alþjóðlega sumarskólann.

Þróun alþjóðlega sumarskólans hélt áfram á haustmánuðum og var ákveðið að kenna sama prógram á árinu 2018 með örlitlum breytingum. Alls höfðu þrjár umsóknir borist í lok árs. Auglýst var eftir gestakennurum til að taka þátt í alþjóðlega sumarskólanum 2018 og voru auglýsingar sendar út til samstarfsskóla okkar í Evrópu í lok árs.

Erlendir skiptinemar á vorönn 2017 voru 28 og 31 kom til náms á haustönn. Skiptinemar eru sem fyrr flestir frá evrópskum samstarfsskólum, en skiptinemar frá Kóreu, Singapore og Japan hefur einnig farið fjölgandi. Skiptinemar frá Bifröst sem stunduðu nám við samstarfsskóla voru 1 á vorönn en 4 á haustönn. Skólinn er nú með samninga við 78 erlenda samstarfsskóla, þar af eru 59 Erasmus samningar. Í fyrsta sinn var gerður samningur við skóla í Bandaríkjunum sem felur í sér stúdentaskipti milli skólanna.

Á haustmánuðum bárust níu umsóknir frá greiðandi skiptinemarum frá Pakistan og Bangladesh. Í lok árs fengu þau öll landvistarleyfi og voru innrituð í nám í skólanum á vorönn 2018.

Níu kennarar og tólf starfsmenn við skólann fengu Erasmus styrki til að vera um tíma við erlendan samstarfsskóla á árinu 2016. Tékkneskur starfsnemi gekk til liðs við alþjóðaskrifstofuna á fyrri hluta ársins og litháenskur starfsnemi tók við á haustmánuðum og starfaði á alþjóðaskrifstofunni til ársloka.

Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs var Dr. Anna Elísabet Ólafsdóttir fram til loka ágúst mánaðar og Dr. Magnús Skjöld Magnússon tók við til ársloka.

## PRME – viðmið um sjálfbærni og ábyrgð stjórnenda í menntun

Sameinuðu þjóðirnar hafa frá árinu 2007 stutt áttak í samstarfi við fjölmargar menntastofnanir um að auka áherslu á að mennta ábyrga leiðtoga með tilliti til samfélagsábyrgðar og hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Háskólinn á Bifröst gekk inn í samstarfið árið 2011 og var jafnframt fyrstur íslenskra háskóla til að taka þátt. PRME er heitið á samstarfinu en skammstöfunin stendur fyrir viðmið um ábyrga stjórnunarmenntun (e. Principles for Responsible Management Education).

PRME samstarfið gengur út á að tvinna gildi og viðhorf sjálfbærrar þróunar inn í alla kennslu og starfsemi háskóla og auka þannig vitund og skilning skólasamfélagsins á sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð. Þátttakendur skila annað hvert ár stöðuskýrslu um málefni PRME en yfir 700 háskólar frá sex heimsálfum eru skráðir á vef PRME. Í nýlegri skýrslu Háskólans á Bifröst er framgangi þessa starfs innan skólans lýst fyrir árið 2017 auk árána þar á undan. Í dag má finna samsvörun við gildi PRME innan ólíkra námskeiða við deildir skólans og einnig rannsóknnum akademískra starfsmanna og samstarfsverkefnum við aðra skóla. Gildi PRME ríma á margan hátt vel við gildi Háskólans á Bifröst, og er því um áhugaverðan vettvang að ræða þar sem þróa má starf skólans áfram á þessari braut og byggja upp tengsl við breiðan hóp háskóla víðsvegar um heim sem leggja áherslu þessi sömu gildi.

## Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi skólans skólaárið 2017 var Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir í 100% stöðuhlutfalli til 15. maí en 67% stöðuhlutfalli það sem eftir var árs.

### Meginhlutverk náms- og starfsráðgjafa

Kröfur sem gerðar eru til náms- og starfsráðgjafa eru að þeir geti tekist á við hvers konar vandamál sem nemendur koma með og unnið úr þeim á sem farsælastan máta. Því er mikilvægt að þeir hafi tilskylda menntun sem menntamálaráðuneytið fer fram á til að veita löggildingu, en það er liður í því að tryggja að nemendur fái faglega ráðgjöf.

Náms- og starfsráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir eru málsvarar og trúnaðarmenn nemenda og skjólstæðinga þeirra og gefa ekki upp nöfn þeirra sem til þeirra leita. Náms- og starfsráðgjafar veita persónulega ráðgjöf vegna örðugleika er koma niður á árangri eða vellíðan í námi og geta nemendur sem reynist erfitt að standa sig í námi vegna áfalla eða erfiðleika í einkalífi rætt mál sín í trúnaði við þá.

Náms- og starfsráðgjafar veita nemendum ráðgjöf og miðla upplýsingum um möguleika og framboð á námi og störfum og veita einstaklingum sem stefna á nám við skólann ráðgjöf varðandi námsval. Þeir leiðbeina nemendum við að tileinka sér öguð vinnubrögð og tímastjórnun og sjá einnig um að leiðbeina og halda utan um þá nemendur sem þurfa á sérúrræðum í námi að halda og um þau úrræði sem í boði eru hjá skólanum. Auk þessa veita þeir starfsmönnum stuðningsviðtöl og handleiðslu.

### Aðstoð og námskeið

Aðstoð sem veitt er af náms- og starfsráðgjöfum fer fram í viðtölum, símaviðtölum, tölvupóstum og námskeiðum. Fjarnemar og staðnemar leita ráðgjafar en með mismunandi hætti. Staðnemar koma oftast í viðtalstíma en fjarnemar fá oftast ráðgjöf í gegnum síma, tölvupóst eða Skype.

Árið 2017 voru námskeið um skipulögð vinnubrögð, tímastjórnun, markmiðssetningu, námstækni, lestrartækni, glósutækni, um prófundirbúning, próftöku og að takast á við prófkvíða, sjálfstraust og vellíðan og sjálfsmynd og samskipti tekin upp og boðið upp á þau í Myschool. Námskeið í ferilskrágerð var einnig haldið í húsnæði skólans að Suðurlandsbraut 22 í Reykjavík.

## Bóka- og skjalasafn

Þórný Hlynsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingar starfar á bókasafni skólans og sinnir skjalastjórn.

### Starfsemin

Öll hefðbundin bókasafnsþjónusta var veitt í bókasafni skólans, útlán, millisafnalán, upplýsingaþjónusta og upplýsingakennsla.

Afgreiðsla safnsins var opin virka daga frá kl. 9.00 - 16.00. Á vinnuhelgum í grunn- og meistaranámi var safnið opið til kl. 18.00 á föstudögum og í tvær klukkustundir á laugardögum.

Háskólinn á Bifröst varðveitir 1131 lokaverkefni í Skemmunni, sem er rafrænt varðveislusafn fyrir lokaverkefni allra háskóla á Íslandi og bætist í hana jafnt og þétt.

Safnkynningar hafa verið haldnar í Háskólagátt og á nýnemadögum sem hafa gefist vel.

### Safnkostur

#### Prentað efni

Áfram var haldið að byggja upp safnkostinn.

Skráningu rita í Guðmundarsafni var að mestu leyti lokið vorið 2017 og telur safnið nú tæplega 1100 titla.

Töluvert er til af óskráðu efni frá Samvinnuskólanum og er reynt að skrá það eftir því sem tækifæri gefast.

Í árslok 2017 var heildarfjöldi titla í bókasafnskerfinu Gegni 20.533.

### Rafrænt efni

Nokkuð hefur dregið úr kaupum á rafrænum gagnasöfnum til viðbótar þeim söfnum sem landsaðgangurinn Hvar.is býður upp á, enda eru þar keypt í samstarfi við önnur bókasöfn og mennta- og menningarmálaráðuneyti stærstu og bestu gagnasöfn sem í boði eru, svo sem *EBSCOhost*, *Karger*, *Britannica*, *ProQuest*, *SAGE*, *ScienceDirect*, *Scopus*, *SpringerLink*, *Wiley Online* og *Web of Science*. Öll eru þau leitarbær í leitarvél bókasafna, *Leitir.is*.

- Nú er keyptur aðgangur til viðbótar að eftirtöldum söfnum:
  - OECDi-library, gagnasafn Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu
  - FonsJuris
  - Gagnasafni Morgunblaðsins
  - DV
  - Viðskiptablaðið
  - Lögbirtingarblaðið
  - Snara, veforðasafn
- Rafbækur
  - Rafbókaveita frá ProQuest var tekin í notkun á árinu, EbookCentral.
  - Keyptar hafa verið 30 bækur og er unnið að skráningu þeirra og bættu aðgengi í *Leitir.is*



- Rafbækurnar eru aðgengilegar á IP-tölum skólans og er tengill í safnið af heimasíðu bókasafnsins, [www.bifrost.is/thjonusta/bokasafn](http://www.bifrost.is/thjonusta/bokasafn)

## Útlán

- Heildar útlán voru 1040.
- Í millisafnalánum voru fengin 64 rit að láni og útvegaðar 9 greinar/bókakaflar, alls 73 gögn.
- Til annarra safna voru lánaðar 33 bækur.

## Heimasíða bókasafnsins

Á heimasíðunni er reynt að miðla upplýsingum um þjónustu við nemendur og aðra rannsakendur. Upplýsingar um aðgengi að sérskriftum, mikilvægi VPN tengingar fyrir þá sem ekki eru á staðnum, leiðbeiningar um leit í gagnasöfnum, heimildaöflun og frágang heimilda. Heimasíðan er í stöðugri vinnslu, en þörf er á stöðugu eftirliti með að upplýsingar þar úreldist ekki og séu réttar.

## Samfélagsmiðlar

Fylgjendur bókasafnsins á fésbók telja í árslok 360, á síðunni er miðlað upplýsingum um þjónustu, opnunartíma, heimildaleit, heimildaskráningu auk komu nýrra rita. Fésbókarsíða bókasafnsins er mikið heimsótt og virðist ánægja með hana. Slóðin er: [www.facebook.com/bokasafnHB](http://www.facebook.com/bokasafnHB)

Bókasafnið skráir nýjar fræðibækur á vefinn LibraryThing.com, þegar þær berast því þar er hægt að sjá forsíður bóka og tengill á heimasíðu safnsins birtir þannig nýkomin rit á myndrænan hátt.

## Samstarf við bókasöfn á Íslandi og erlendis

- Verkefnastjórn Skemmunnar (PH)
- Háskólabókaverðir á Íslandi (PH)
- Samráðshópur háskólabókasafna um rafbókakaup (PH)
- Verkefnastjórn um opin vísindi (PH)
- Upplýsingalæsis hópur háskólanna (PH)

## Skjalastjórnun

Skjalasafn Samvinnuskólans hefur verið flutt á skrifstofu háskólabókavarðar, sem sér um að útbúa skjalaskrá og afhendingu til Þjóðskjalasafns Íslands.

## Skjalakerfið OneCRM

Málalykill Háskólans á Bifröst sem er samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands árið 2016 til 5 ára, 1. maí 2016 – 31.12.2020, er mikilvægur hlekkur í starfsemi skólans þar sem haldið er utanum gögn og skjöl sem viðkoma starfseminni. Allt starfsfólk fær leiðsögn til að byrja skjalavistun og skráningu skjala í One kerfið, en enn er þörf á eftirfylgni til að starfsmenn þjálfist í skjalavistun í daglegum störfum og læri á samspil One og Microsoft skrifstofupakka.

Á árinu 2017 bættust 222 mál í kerfið. Frá upphafi (2013 – 2017) hafa 873 mál verið skráð í One kerfið. Í OneCRM eru varðveitt 16.659 skjöl og 14.567 tölvupóstar.

Umfang skjala í One kerfinu vex jafnt og þétt og þétt og brýnt er að loka málum sem búið er að afgreiða en það auðveldar notendum umgengni við kerfið að hafa ekki of mörg virk mál.




## Markaðs- og kynningarmál

Markaðs- og kynningarstarf var með nokkuð hefðbundnum hætti árið 2017. Á markaðssviði vinna samskiptastjóri og margmiðlunarhönnuður.

### Háskóladagurinn

Háskólinn á Bifröst tók þátt í Háskóladeginum þann 4. mars 2017 en það er árlegur viðburður allra háskóla landsins. Háskólarnir standa saman að undirbúningi og kynningum fyrir daginn en markmiðið með honum er að kynna námsframboð á háskólastigi. Háskólinn á Bifröst var að þessu sinni með veglega aðstöðu í Háskólanum í Reykjavík en var líka með bás í Háskóla Íslands. Dagurinn heppnaðist vel. Að honum loknum héldu fulltrúar allra skólanna í sameiginlega hringferð um landið þar sem námframboðið var kynnt nemendum úti á landi.



### Opinn dagur 29. apríl

Opinn dagur var haldinn á Bifröst þann 29. apríl 2017. Dagurinn er fastur og skemmtilegur liður í skólastarfinu þar sem nemendur og kennarar háskólans taka á mótum gestum og kynna fyrir þeim námsframboð og háskólaþorpið.

Yfir árið heimsóttu nokkrir framhaldsskólar skólann og var vel tekið á mótum hópum af nemendum á staðnum sem kynntu þeim staðinn og námframboð. Markaðssvið hefur átt í góðu samstarfi við nemendur í öllum kynningum á skólanum og er framlag þeirra mikilvægt í kynningarstarfinu. Farið var í sérstakt átak til að fjölga heimsóknum í framhaldsskóla og bjóða framhaldsskólum í heimsókn á Bifröst en því verður haldið áfram út skólaárið.

### Markaðsstarf

Auglýsingar frá skólanum voru birtar í prentmiðlum, vefmiðlum, útvarpi, bíóum og á Facebook. Mest var auglýst á tímabilinu apríl-júní og svo aftur í nóvember-desember. Áfram var augin áhersla á auglýsingar í samfélagsmiðlum en ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í samstarfi við Sahara auglýsingastofu í þeim efnum og t.d. með svokallað Canvas sem eru rafrænir bæklingar á Facebook. Hefur þetta skilað góðum árangri.

Haldið áfram vinnslu myndbanda jafnt og þétt yfir árið með viðtölum við útskrifaða Bifrestinga í atvinnulífinu og viðtölum við núverandi nemendur. Fjöldmörg myndbönd litu dagsins ljós í þessari vinnu og eru þau aðgengileg bæði á heimasíðu og samfélagsmiðlum skólans.

Á árinu 2017 komu út sjö fréttabréf og voru þau send út á stóran hóp fólks, bæði til útskrifaðra nemenda og áhrifafólks í samfélaginu. Þá var unnið að því markmiði að gera Háskólann á Bifröst sem sýnilegastan með fréttum á vef og Facebook og einnig með því að vekja athygli fjölmiðla á háskólanum. Með það að markmiði voru til dæmis skrifaðar greinar í SSF blaðið, Skessuhorn og fleiri blöð. Einnig tók skólinn þátt í viðburðum og verkefnum eins og Menntadegi atvinnulífsins, Gulleggju, Menntahlaðborði Flensborgarskóla og fleiri.



## Tölvuþjónusta

### Hugbúnaður

Hugbúnaður kemur áfram að mestu frá Microsoft þ.e.a.s. Officepakinn, frá Adobe þ.e.a.s. Adobe Pro. Advania sér um bókhaldskerfin eins og áður, þó er sá hluti í endurskoðun þar sem þau kerfi eru orðin gömul og hafa ekki verið endurnýjuð í mörg ár. Sú endurskoðun er undir stjórn fjármálastjóra.

### Prentþjónusta

Nýherji þjónustar skólann með alla prentara fyrir nemendur og starfsfólk (rent-a-prent) eins og undanfarin ár. Þjónustan felur meðal annars í sér að notendur þurfa að auðkenna sig við prentara með rafrænu starfsmanna eða nemendaskírteini til að sækja útprentun. Með þessu náði skólinn nokkurri hagræðingu, auknu öryggi og skilvirkni við útprentun.

### Netumhverfi

Hafist var handa við að skipta út elstu netskiptum fyrir íbúðir nemenda og starfsmanna en það var nauðsynlegt til þess að hægt sé að setja upp þráðlausu senda á svæðinu. Jafnframt þeirri vinnu var byrjað á uppsetningu þráðlausra senda. Stefnt var að því að þessu verkefni lyki innan þriggja ára og er það á áætlun.

Undir lok ársins 2016 var eldveggur netkerfisins endurnýjaður og gefur hann mikla möguleika varðandi stjórnun á netumferð ásamt möguleikum á aukningu á flutningsgetu vegna aukinnar netnotkunar við t.d. kennslu til nánustu framtíðar og er fyrir séð að hann muni anna netumferð skólans næstu 5-6 árin. Eftir þessa endurnýjun er flutningsgeta ljósleiðarans orðin 10GB (var fyrir breytingu 1GB).

Eftir stækkun afritunarþjónsins árið 2015, jókst afritunargeta í 18TB. Það er nægjanlegt í dag en fljótlega á árinu 2019 þarf að fara að huga að því að kaupa annan afritunarþjón með u.þ.b. 35TB geymslugetu og þá væri hægt að nota gamla þjóninn til að afrita gögn sem skipta minna máli, eða sem afritunarþjón sem geymir eldri afrit.

Sú stækkun á netþjónum sem farið var í árið 2015 hefur skilað sér í auknum möguleikum á að hýsa sýndarnetþjóna. Núverandi fjöldi sýndarnetþjóna er 18, sem þýðir að við höfum getað einangrað þjónustu sem skólinn er að veita, eins og skráarþjón, SQL-þjón, MySchool-vefþjón ofl. og keyrt eingöngu eina þjónustu á hverjum netþjóni. Það gerir okkur kleift að þjónusta og uppfæra þjónana sjaldnar og binda uppfærslurnar við þær aðalþjónustur sem keyra á þeim hverjum fyrir sig.

Síðari hluta ársins 2018 eða snemma á árinu 2019, þarf að uppfæra þá tvo netþjóna sem eru að keyra alla netþjóna skólans í sýndarumhverfi. Æskilegt er að leita tilboða í tvo nákvæmlega eins netþjóna, þar sem þeir þurfa að vinna saman, eins og þeir tveir netþjónar sem verið er að nota í dag og eru orðnir sjö ára gamlir.

Lokið hefur verið að mestu við að skipta út netbeinum (switchum) í íbúðum nemenda. Ekki náðist þó að klára það að fullu árið 2017 eins og stefnt var að, en sumarið 2018 verður nýtt í að skipta út þeim netbeinum sem eftir er.

Samhliða því, var skipt út þráðlausum sendum í skólabyggingum og settir nýir og hraðvirkari sendar, sökum aukins álags á þráðlausu netið. Sú áætlun að skipta þeim að mestu út árið 2016 hefur gengið eftir, þ.e.a.s. þeir staðir þar sem mesta álagið er hafa fengið andlitslyftingu hvað varðar sendana.

Vegna ítrekaðra rafmagnstruflana undanfarna vetur, þá hafa skapast vandræði við að halda kerfinu uppi, þrátt fyrir varaafli á rafgeymum og stillingar netþjóna jafnvel farið forgörðum. Því var ákveðið að kanna hvað það kostar að setja upp litla díesel rafstöð sem myndi anna því að halda netþjónum og

einhverjum þráðlausum sendum gangandi og tengdum við umheiminn jafnvel þótt það yrði rafmagnslaust.

Sá kostur að kaupa vararahlöður var valinn og snemma á árinu 2018 voru settir upp nýjir varaafgjafar sem keyptir voru af Nýherja. Áætlað er að þeir geti haldið stofnkerfi netþjóna uppi í um 3-4 klukkustundir.

Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa við sölu fasteigna skólans og systurfélaga, þá verða þjónustur færðar yfir í skólahúsnæðið og þarf að byggja upp sterkan stofn fyrir netlagnir. Keyptir hafa verið 6 stk Cisco netswitchar sem allir hafa mikla flutningsgetu (1GB hvert port) og verða þeir settir upp á þeim stöðum sem gefa sem mesta flutningsgetu frá dósnum og sendum víðs vegar um skólahúsnæðið. Einnig verða keyptir skápar undir switchana svo hægt sé að læsa aðgengi að þeim.

## Kennslu- og nemendaskrárkerfi

Háskólinn nýtir sem áður hugbúnaðinn Myschool-námsnet við utanumhald um kennslu- og nemendaskrá skólans. Helstu undirkerfi Myschool-námsnet eru umsóknarkerfi, nemendabókhald, kennslukerfi, ferilskráarkerfi og endurmenntunarkerfi. Kerfið sem tekið var í notkun kennsluárið 2011-12 hefur verið í stöðugri þróun og aðlögun að þörfum skólans. Allar kerfiseiningar eru áfram vistaðar og afritaðar á sýndarnetþjónum háskólans.

Við miðlun á margmiðlunarkennsluefni notar skólinn eMission hugbúnað frá Nepal hugbúnaði ehf. Hugbúnaðurinn er aðlagður að kennslukerfi og allir notendur sam innskráðir öðrum kerfum. (Unified login). Skólinn tók til reynslu nýtt lærdóms og miðlunarkerfi, Echo360. Kerfið var reynt í námskeiðum allra deilda og reyndist vel á árinu. Vinna við aðlögun Echo360 við kennslukerfi skólans var lokið. Breytingum á kennslurýmum verður lokið 2018. Nemendur geta í umhverfi Echo360 unnið með upptöku á gagnvirkan hátt og nýtt betur í námsferli sínu. Stefnt er að notkun þess í öllum námskeiðum. Aðrar lausnir upptöku í notkun eru Camtasia Studio og Skype For Business.

Próftökakerfið Exam4 er nú notað í meirihluta lokaprófa. Kerfið gerir tölvudeild kleyft að stýra notkun á tölvum nemenda í hluta- sem lokaprófum. Í prófum takmarkar hugbúnaðurinn aðgengi nemenda að eigin gögnum og interneti eftir forskrift kennara. Kerfið hefur nýst afburðavel við próftöku á öllum sviðum skólans. Með notkun er nemendum tryggt staðlað og öruggt umhverfi til próftöku.

Háskólinn á Bifröst, notar eins og aðrir háskólar landsins, Turnitin hugbúnað til að aðstoða nemendur í meðferð heimilda og við skrif lokaverkefna. Kerfið tekur við öllum lokaverkefnum og fjölda verkefna, ber saman við fyrri skil nemenda og gefur skýrslu um heimildarnotkun. Skólinn leiðir áfram samstarf háskólanna ásamt Landsbókasafni.

## Bett 2017

Netstjóri og umsjónarmaður kennslukerfa sóttu tækisýninguna Bett 2017 í London en þema sýningarinnar var breytingar. Voru áhugaverðar nýjungar skoðaðar og tengslanet styrkt. Einnig sótti deildin notendafund háskóla fyrir Echo360 í Sheffield, Englandi ásamt Háskólanum í Reykjavík. Í lok árs sótti tölvudeild ásamt kennsluviði ráðstefnuna Online Educa Berlin, sem bar yfirskriftina: Lærdómur óvissu. OEB 2017 sameinaði nám og tækniþróun, gaf nýja innsýn í möguleika og áskoranir sem eru að breyta námsumhverfi.

Að auki sóttu starfsmenn deildarinnar ýmsar upplýsingatækniráðstefnur innanlands og fjölda kynninga tækniþyrgja.

## Nemendafélag Háskólans á Bifröst

Ný stjórn Nemendafélagsins var kjörin í mars 2017 og hana skipuðu:

Formaður: Aron Valgeir Gunnlaugsson

Varaformaður: Ísak Eyfjörð Arnarson

Gjaldkeri: Teitur Erlingsson

Upplýsinga- og kynningafultrúi: Anna Rún Austmar Steinarsdóttir

Hagsmunafulltrúi: Þórarinn Halldór Óðinsson

Skemmtanafulltrúi: Ingi Gunnar Kristbergsson

Fulltrúi nýnema: Eyrún Ída Guðjónsdóttir, síðar Brynjar Smári Alfreðsson

Fulltrúi fjarnema: Aðalheiður Júlírós Óskarsdóttir, síðar Þórey Guðný Sigfúsdóttir

Starfsár nýrrar stjórnar hófst í kjölfar kosninga sem fóru fram sama dag og hin árlega árshátíð Nemendafélagsins. Hátíðin var öll hin glæsilegasta að vanda, haldin á Kaffi Bifröst.

Lagt var upp með, fyrir þetta starfsár að halda marga og fjölbreytta minni viðburði ásamt því að halda í hina stóru burðarása. Voru haldin nokkur pubQuiz kvöld, beer pong kvöld, karaóki kvöld, spilakvöld og leikjakvöld. Það

síðastnefnda fól í sér að nokkrir leikir voru leiknir á einni kvöldstund og var því kvöldi sérlega vel tekið. Nýnemaballið, Biftóberfest og Halloween voru haldnir við góðar undirtektir og heppnuðust mjög vel. Gettu Bifröst var á sínum stað og lauk keppni ársins á því að félagsvísindanemar mættu laganemum í úrslitum og höfðu félagsvísindanemarnir sigur eftir æsispennandi keppni. Aðstaða Nemendafélagsins, lðavöllur var svo innréttuð og voru allir minni viðburðir haldnir í því rými. Nýttist aðstaðan vel og var sannarlega lyftistöng fyrir nemendur á svæðinu sem og fyrir þá sem stunda fjarnám.

Á haustönninni var tekin upp sú nýbreytni að bjóða tveimur skiptinemum að taka þátt í starfi skemmtinefndar félagsins. Tókst það vel og gerði það að verkum að skiptinemarnir voru virkari hluti af hópnum á Bifröst en áður var. Starfsári þessarar stjórnar lauk svo með glæsilegri árshátíð sem haldin var á Kaffi Bifröst, í mars 2018.

Árlegum styrkjum úr félagsmálasjóði var úthlutað til félaga og klúbba innan skólans. Styrkjunum var bæði úthlutað á vor- og haustönn.

Virk félög og klúbbar árið 2017 voru FIFA-klúbburinn, körfuknattleiksfélagið Bibba Basket, Ljósmyndafélagið og Jakaból.



## Hollvinasamtök Bifrastar

Allir þeir sem hafa útskrifast frá Samvinnuskólanum, Samvinnuháskólanum, Viðskiptaháskólanum á Bifröst og Háskólanum á Bifröst verða sjálfkrafa meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar nema að viðkomandi óski sérstaklega eftir því að verða það ekki. Aðrir sem geta orðið meðlimir í Hollvinasamtökum Bifrastar eru núverandi og fyrrverandi starfsmenn skólans.

Markmið Hollvinasamtaka Bifrastar eru meðal annars að efla og viðhalda tengslum milli yngri og eldri nemenda skólans og annarra sem bera hag skólans fyrir brjósti, að styðja við uppbyggingu og að efla skólastarfið á Bifröst. Til að ná fram markmiðum sínum tilnefna samtökin fulltrúa í stjórn skólans og fulltrúaráð. Hollvinasamtökin eru með heimasíðu þar sem helstu upplýsingar eru að finna. Einnig halda samtökin úti Facebook-síðu þar sem sjá má fréttir frá Bifröst, fréttir af Bifrestingum og svo er hægt að senda inn fyrirspurnir og gefa góð ráð.

Á aðalfundi Hollvinasamtaka Bifrastar 2014 var stofnaður Hollvinasjóður Bifrastar. Megintilgangur sjóðsins er samkvæmt skipulagsskrá að efla og auka veg háskólans, m.a. með því að leggja skólanum til fjármagn til skilgreindra ákveðinna verkefna. Skilgreint fyrsta verkefni sjóðsins var viðhald á eldra húsnæði skólans, hátíðarsal og Kringlu. Það er fjáröflunin sem ræður hverju sinni hvað skuli framkvæma næst, allt í samráði við stjórn skólans og stjórnendur.



Á árunum 2015 og 2016 náðist að safna talsverðu fé í sjóðinn og var ákveðið að ráðast í fyrsta áfanga í viðhaldi á elsta skólahúsinu á árinu 2016. Skipt var um gler og gluggalista í matsal og hátíðarsal skólans og gluggarnir málaðir. Þá voru einnig gerðar endurbætur á glugga á suðurhlíð Skakka þannig að vatnsleki sem verið hefur undanfarin ár niður í Kringlu var stöðvaður. Á fyrrihluta árs 2017 var svo listaverkið Lífsorkan eftir Ásmund Sveinsson myndhöggvara sandblásin og máluð og ný undirstaða steipt undir hana.

Í stjórn Hollvinasjóðs Bifrastar eru:

Aðalfulltrúar:

Óli H. Þórðarson formaður  
Þorvaldur T. Jónsson ritari  
Viðar Þorsteinsson gjaldkeri

Varafulltrúar:

Hallur Jónasson  
Finnbjörn Börkur Ólafsson

Það er trú samtakanna að öflug Hollvinasamtök geti ekki bara orðið skólanum til góðs heldur öllum Bifrestingum, bæði þeim sem nú stunda nám við skólann og þeim sem hafa lokið námi. Samvinna og tengslanet er eitt af því dýrmætasta sem nemendur við skólann taka með sér út í atvinnulífið. Auk þessa þarf að halda tengslanetinu við og er það best gert með samvinnu í anda þess sem kennt hefur verið í skólanum um árabíl.

Í stjórn Hollvinasamtaka Bifrastar sátu eftirtaldir einstaklingar á árinu 2017:

Aðalfulltrúar:

Hallur Jónasson formaður  
Sigtryggur Arnþórsson varaformaður  
Bryndís Bessadóttir ritari  
Jóna Dóra Ásgeirsdóttir gjaldkeri  
Aðalsteinn Egill Traustason meðstjórnandi  
Aron Valgeir Gunnlaugsson, tilnefndur af nemandafélagi Háskólans á Bifröst  
Pórir Páll Guðjónsson, tilnefndur af rektor Háskólans á Bifröst

Varafulltrúar:

Böðvar Sigurbjörnsson  
Arnar Snær Pétursson

## Fjármál og rekstur

Tekjur Háskólans á Bifröst á árinu 2017 námu 820,6 millj. kr. Samningsgreiðslur frá ríki námu 430,4 millj.kr. en aðrar tekjur 390,2 millj.kr. Samningsgreiðslur frá ríki eru að langstærstum hluta kennsluframlag byggt á nemendaígildum en einnig framlagi til rannsókna. Framlög frá ríki byggja á samningi milli skólans og ríkisins sem var gerður í upphafi árs 2012. Nýr samningur við ráðuneytið er í burðarliðnum. Aðrar tekjur eru að stærstum hluta skólagjöld eða 334,4 millj.kr. Helstu tekjur aðrar eru vegna rannsókna, af námskeiðahaldi, leigutekjur vegna húsnæðis og þjónustu við nemendagarða. Rekstrargjöld skólans á árinu 2017 námu 725,7 millj.kr. að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum. Laun og launatengdur kostnaður nam 533,6 millj.kr. eða um 67,5% af rekstrargjöldum í heild. Húsnæðiskostnaður nam 54,2 millj.kr., rekstur tölvukerfa 26,9 millj.kr., skrifstofu- og kennslukostnaður 38,9 millj.kr., kynningarmál 44,1 millj.kr., og niðurfærsla krafna 9,1 millj.kr. Annar kostnaður var 19,0 millj.kr. Afskriftir voru 23,1 millj.kr. og fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur voru 37,7 millj.kr. Hagnaður ársins nam 34,0 millj.kr.

Háskólinn seldi rekstur Hótel Bifrastar ehf. og 1. hæð Hamragarða í lok ársins 2017 og nam söluhagnaður vegna þessa um 23,8 millj. kr.

## Ársreikningur 2017

Allar tölur í milljónum króna

<b>Rekstrarreikningur</b>	<u>2017</u>	<u>2016</u>	<u>2015</u>	<u>2014</u>
Rekstrartekjur .....	820,6	796,2	831,7	845,3
Rekstrargjöld .....	<u>725,7</u>	<u>779,8</u>	<u>824,1</u>	<u>940,6</u>
<b>Rekstrarafgangur (-tap) .....</b>	<u>94,9</u>	<u>16,4</u>	<u>7,6</u>	<u>( 95,3)</u>
Afskriftir .....	23,1	21,0	20,2	20,8
Fjármagnsliðir .....	<u>37,7</u>	<u>44,9</u>	<u>42,3</u>	<u>34,8</u>
<b>Hagnaður (-tap) ársins .....</b>	<u>34,0</u>	<u>( 49,5)</u>	<u>( 54,9)</u>	<u>( 150,9)</u>
<b>Eignir</b>				
Fastafjármunir .....	299,8	386,3	398,7	385,0
Veltufjármunir .....	<u>182,6</u>	<u>99,3</u>	<u>107,2</u>	<u>112,2</u>
<b>Eignir samtals .....</b>	<u>482,4</u>	<u>485,6</u>	<u>505,9</u>	<u>497,5</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>				
Eigið fé .....	( 170,4)	( 204,0)	( 154,9)	( 80,1)
Langtímaskuldir .....	369,7	377,9	385,7	291,5
Skammtímaskuldir .....	<u>283,1</u>	<u>312,1</u>	<u>275,2</u>	<u>286,2</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals .....</b>	<u>482,4</u>	<u>485,6</u>	<u>505,9</u>	<u>497,5</u>



## Tölulegar upplýsingar 2017

Úrvinnsla tölfraeði skólans er í umsjón kennslusviðs, fjöldatölur sem birtar eru hér eru samtölur fyrir almanaksárið 2017, sjá má skiptingu eftir önnum á vef skólans.


### Heildarfjöldi nemenda 2017, aldur, kyn, deildir

Flestir nemendur í háskólanámi eru sem fyrr í viðskiptadeild. Konur eru í meirihluta nemenda í skólanum, 67% nemenda. Meðalaldur nemenda við skólann stendur í stað og er nú 34 ár í háskólanámi, með skiptinemum og sumarskólanemendum meðtöldum.


### Fjöldi nemenda eftir deildum 2017

	kk	kvk	%kk	%kvk	meðalaldur	Útskrifaðir			Nýnemar			
						kk	kvk		kk	kvk		
Viðskiptadeild	324	113	211	35%	65%	35	106	33	73	140	44	96
Félagsvísindi	109	39	70	36%	64%	37	28	7	22	39	18	21
Lögfræði	104	38	66	37%	63%	37	18	6	11	49	19	30
Opið nám	24	4	20	17%	83%	27	Á ekki við			25	5	20
Skiptinám	59	24	35	41%	59%	23	Á ekki við			58	22	36
Sumarskóli	26	6	20	23%	77%	24	25	6	19	28	8	20
<b>Samtals í háskólanámi</b>	<b>646</b>	<b>224</b>	<b>422</b>	<b>35%</b>	<b>65%</b>	<b>34</b>	<b>177</b>	<b>52</b>	<b>125</b>	<b>339</b>	<b>116</b>	<b>223</b>
Háskólagátt	135	53	82	39%	61%	27	58	18	40	63	30	33
Símenntun	61	3	58	5%	95%	39	57	2	55	53	0	53
<b>Samtals</b>	<b>842</b>	<b>280</b>	<b>562</b>	<b>33%</b>	<b>67%</b>		<b>292</b>	<b>72</b>	<b>220</b>	<b>455</b>	<b>146</b>	<b>309</b>

### Nemendur eftir deildum 2017




### Skipting milli stað- og fjarnema 2017




\*Á háskólastigi er meistaranám eingöngu kennt í fjarnámi. Í grunnnámi er 75% nemenda í fjarnámi.

### Nemendur eftir námsstigum 2017



### Kynjaskipting allra nemenda 2017



## Nemendur í Háskólagátt 2017

		kk	kvk	%kk	%kvk	meðalaldur
Fjarnám	114	42	72	37%	63%	30
Staðnám	21	11	10	52%	48%	25
<b>Samtals</b>	<b>135</b>	<b>53</b>	<b>82</b>	<b>39%</b>	<b>61%</b>	<b>30</b>


## Nemendur eftir fagsviðum 2017 – grunnnám og meistaranám

Fagsvið	kk	kvk	%kk	%kvk	Útskrifaðir			Nýnemar			
					kk	kvk		kk	kvk		
<b>Viðskiptadeild</b>											
Grunnnám	145	63	82	43%	57%	51	23	28	48	44	62
Meistaránám	179	50	129	28%	72%	55	10	45	92	22	70
<b>Samtals</b>	<b>324</b>	<b>113</b>	<b>211</b>	<b>35%</b>	<b>65%</b>	<b>106</b>	<b>33</b>	<b>73</b>	<b>140</b>	<b>66</b>	<b>132</b>
<b>Lögfræði</b>											
Grunnnám	70	27	43	39%	61%	9	4	5	21	9	12
Meistaránám	34	11	23	32%	68%	9	2	6	28	10	18
<b>Samtals</b>	<b>104</b>	<b>38</b>	<b>66</b>	<b>37%</b>	<b>63%</b>	<b>18</b>	<b>6</b>	<b>11</b>	<b>49</b>	<b>19</b>	<b>30</b>
<b>Félagsvísindi</b>											
Grunnnám	75	35	40	47%	53%	8	4	4	28	14	14
Meistaránám	34	4	30	12%	88%	20	3	18	11	4	7
<b>Samtals</b>	<b>109</b>	<b>39</b>	<b>70</b>	<b>36%</b>	<b>64%</b>	<b>28</b>	<b>7</b>	<b>22</b>	<b>39</b>	<b>18</b>	<b>21</b>
<b>Háskólagátt</b>	<b>135</b>	<b>53</b>	<b>82</b>	<b>39%</b>	<b>61%</b>	<b>58</b>	<b>18</b>	<b>40</b>	<b>63</b>	<b>30</b>	<b>33</b>
<b>Símenntun</b>	<b>61</b>	<b>3</b>	<b>58</b>	<b>5%</b>	<b>95%</b>	<b>57</b>	<b>2</b>	<b>55</b>	<b>53</b>	<b>0</b>	<b>53</b>
<b>Sumarskóli</b>	<b>26</b>	<b>6</b>	<b>20</b>	<b>23%</b>	<b>77%</b>	<b>25</b>	<b>6</b>	<b>19</b>	<b>28</b>	<b>8</b>	<b>20</b>
<b>Skiptinemar</b>	<b>59</b>	<b>24</b>	<b>35</b>	<b>17%</b>	<b>83%</b>	Á ekki við			<b>58</b>	<b>22</b>	<b>36</b>
<b>Opið nám</b>	<b>24</b>	<b>4</b>	<b>20</b>	<b>17%</b>	<b>83%</b>	Á ekki við			<b>25</b>	<b>5</b>	<b>20</b>
<b>Samtals</b>	<b>842</b>	<b>280</b>	<b>562</b>	<b>33%</b>	<b>67%</b>	<b>292</b>	<b>72</b>	<b>220</b>	<b>455</b>	<b>168</b>	<b>345</b>


## Nemendur í símenntun árið 2017

Símenntun	kk	kvk	%kk	%kvk
Máttur kvenna	51	0	51	0%
Nám í verslunarstjórnun	10	3	7	30%
<b>Samtals</b>	<b>61</b>	<b>3</b>	<b>58</b>	<b>5%</b>

### Útskrifaðir nemendur með háskólagráðu 2017



### Útskrifaðir nemendur úr Háskólagátt og símenntun 2017



### Nemendur eftir námsstigum í upphafi skólaárs 2017 (september)

		kk	kvk	%kk	%kvk
Nemendur í Háskólagátt	65	30	35	46%	54%
Nemendur í Símenntun	37	36	1	97%	3%
Nemendur á háskólastigi	471	180	291	38%	62%
<b>Nemendur alls í námi</b>	<b>573</b>	<b>246</b>	<b>327</b>	<b>43%</b>	<b>57%</b>

## Starfsfólk

Í árslok 2017 voru 37 fastráðnir starfsmenn við störf við Háskólann á Bifröst. Í árslok 2016 voru þeir 47. Á árinu 2017 störfuðu 52 stundakennarar við skólann, þar af voru konur 23 eða 44%. Sami fjöldi stundakennara starfaði við skólann á árinu 2017 og 2016.

	kk	kvk	% kk	% kvk	
Háskólaskrifstofa	17	5	12	30%	70%
Viðhald, ræsting og öryggisvarsla	4	2	2	50%	50%
Fastráðnir akademískir starfsmenn	13	11	2	80%	20%
Önnur menntastarfsemi	1	0	1	0%	100%
Þróunar- og alþjóðasvið	2	2	0	100%	0%
<b>Samtals</b>	<b>37</b>	<b>20</b>	<b>17</b>	<b>54%</b>	<b>46%</b>

## Hlutfall kynja í stjórn skólans, fulltrúaráði og háskólaráði 2017 (aðalfulltr.)

	kk	kvk	% kk	% kvk	
Stjórn skólans 2017 (frá aðalfundi í maí)	5	3	2	60%	40%
Fulltrúaráð 2017 (frá aðalfundi í maí)	15	6	9	40%	60%
Háskólaráð 2016 – 2017	11	6	5	55%	45%
Háskólaráð 2017 – 2018	11	6	5	55%	45%